

Aðalfundur Landsbankans 23. apríl 2008 á Grandhótel.

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs: Góðir hluthafar og aðrir gestir. Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin hér í dag og það er gaman að sjá hvað er vel mætt. Að vísu ekki allir hluthafar bankans en þeir eru nú 27.750 en mér sýnist þetta vera svona uppistaðan af þeim hóp. Nú fyrir ykkur sem eruð að koma inn, það er nóg pláss hérna og hérna megin. Já, þá er, þurfum við að ganga til dagskrár og fyrsta málið er að kjósa okkur fundarstjóra, það eru ekki margir í framboði hjá mér, ég sting upp á að Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs verði fundarstjóri og ef það eru ekki aðrar uppástungur að þá ætla ég að leyfa mér að, ja það eru ekki aðrar uppástungur, þú ert sjálfkjörinn, ekki í fyrsta skipti.

Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs og fundarstjóri: Formaður, fundarmenn, ég þakka traustið. Ég ætla að gera að tillögu minni að Ársæll Hafsteinsson verði ritari fundarins, eru aðrar tillögur? Svo er ekki, það er samþykkt. Nú fundurinn hefur verið auglýstur með lögmætum hætti í dagblöðum og útvarpi með reglulegum fyrirvara eins og samþykktir félagsins gera ráð fyrir og það eru ekki önnur skilyrði fyrir lögmæti hans og lýsi ég fundinn því lögmætan. Til þess að draga úr truflunum á fundarstörfum þætti mér gott ef menn vildu vera svo elskulegir að slökkva á farsímum. Nú dagskrá hefur verið kynnt og er í fundargögnum og fyrsta atriðið á dagskránni er ræða formanns bankaráðsins, Björgólfs Guðmundsonar, um starfsemi bankans á liðnu ári. Gerðu svo vel formaður.

Björgólfur Guðmundsson: Ágætu hluthafar, starfsfólk og aðrir gestir. Undanfarin 5 ár hafa verið þau alfarsælustu í 121 árs sögu Landsbankans. Þau hafa jafnframt verið fengsæl íslensku þjóðarbúi. Saman hafa farið umbætur og framkvæmdagleði heima fyrir og hagstæðar ytri aðstæður. Bankinn hefur nýtt meðbyrinn og vaxið hratt en örugglega. Hann hefur styrkt stöðu sína sem alhliða banki í þjónustu sinni við íslenskan almenning og íslensk fyrirtæki eins og sést vel á að bankinn er eitt allra vinsælasta fyrirtæki landsins samkvæmt nýlegum könnunum virtra aðila. Þá hefur bankinn eflt til mikilla muna fyrirtækja- og fjárfestingabankastarfsemi sína á alþjóðavísu. Á síðasta ári voru opnuð útibú í Finnlandi og í Hong Kong auk þess sem starfsemin var eflað til

mikilla muna í Noregi. Þá jók bankinn starfsemi sína í Kanada með opnun nýrra starfsstöðva á slóðum Vestur-Íslendinga í Winnipeg í Manitoba.

En velgengnin hefur ekki komið af sjálfu sér. Þótt meðbyr hafi verið mikill fyrst eftir einkavæðingu bankanna fyrir 5 árum þá hafa vindáttir breyst hin síðustu 2 ár og er nú svo komið að Landsbankinn og raunar allir íslensku bankarnir mæta talsverðu andstreymi. Á árinu 2006 bar á vaxandi tortryggni á alþjóðavettvangi vegna þess hve íslenskir bankar höfðu aukið umsvif sín hratt. Strax þá brást Landsbankinn við þeirri uppbyggilegu gagnrýni sem kom fram og styrkti grunnþætti starfsemi sinnar. Jók á gagnsæi og flæði upplýsinga og gerði ráðstafanir til að bæta fjárhagslegan styrk sinn. Á miðju síðasta ári fór síðan að bera á vaxandi óróa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og framboð á fjármagni, sem um langt skeið hafði verið verulegt, minnkaði skyndilega. Allar götur síðan hafa markaðir einkennst af óvissu og ótta. Þeir sem bera ábyrgð á fjármunum hafa haldið að sér höndunum og bankar hafa átt æ erfiðara með að fjármagna sig og því dregið úr útlánum og skuldbindingum. Þá hefur eftirspurn á verðbréfamörkuðum skroppið saman að sama skapi með þeim afleiðingum að verðmæti eigna hafa minnkað verulega.

Eins og við, sem munum tímana tvenna í íslensku atvinnulífi vitum, þá virðist ölduhæðin oft verða hærrí í íslensku efnahagskerfi en annars staðar þegar veðrabrigði eru á alþjóðamörkuðum. Svo er nú eina ferðina enn. Þegar framboð á fjármagni var mikið á alþjóðamörkuðum reis vísitala hlutabréfa á fáum stöðum hærra í heiminum en á Íslandi og íslensk fyrirtæki fóru með ýmsum hætti að láta finna fyrir sér í samkeppni víða um heim. Og nú þegar saman hefur dregið á heimsmarkaði verður dýfan oft dýpri en víðast hvar annars staðar. Engu að síður hefur Landsbankinn, eins og góðum banka sæmir, staðið af sér storma, annað árið í röð og er ekki annað að sjá en hann eflist við hverja raun. Á síðasta ári jukust grunntekjur bankans um 21% og nam hagnaður ársins eftir skatta um 40 milljarða króna. Hagnaður síðasta ársfjórðungs var um 5 milljarðar króna sem er vel við unandi í ljósi andstreymis. Landsbankinn, banki allra landsmanna, hefur að mínum dómi sýnt í verki á síðustu mánuðum að hann verðskuldar þann sess sem hann hefur ítrekað hlotið að vera eitt traustasta fjármálafyrirtæki landsins.

Góðir aðalfundargestir. Að undanfögnu hefur umræðan um stöðu efnahags- og peningamála hér á Íslandi beinst að bönkum og fjármálafyrirtækjum og hafa

ýmsir látið í veðri vaka að íslensku bankarnir hafi farið of geyst, sýnt ábyrgðarleysi og óvarfærni og beri jafnvel sök á því ástandi sem nú ríkir og einkennist af hættu á samdrætti, verðbólgu, háum vöxtum og lækkandi gengi íslensku krónunnar. En áður en lengra er haldið er rétt að skoða fyrst hvað hefur gerst á undanförunum árum. Samhliða vexti fjármálafyrirtækja hefur verið mikil uppbygging hér á landi í orkuverum og iðnaði. Vöxtur íslenska hagkerfisins hefur verið með ólíkindum. Og rétt er að spyrja okkur hvað þessi mikli vöxtur hefur þýtt. Ef við skoðum fyrst þjóðartekjur þá jukust þær um 400 milljarða á árunum 2003 til 2007. Úr um 820 milljörðum í um 1.200 á fimm árum. Það tók okkur sem sagt 1.130 ár að að afla um 800 milljarða en aðeins um 5 ár að bæta 400 milljörðum við. Og það er örugglega heimsmet. Og ríkissjóður hefur að sjálfsögðu notið góðærisins, skatttekjur hans árið 2003 voru 240 milljarðar króna en höfðu 5 árum síðar aukist um nær 165 milljarða og námu því í fyrra um 405 milljörðum króna. Tekjur ríkisins af einstaklingum og fyrirtækjum jukust því um 70% á þessum hálfu áratug enda getum við nú varið 26 milljörðum króna meira til heilbrigðismála en við gerðum og 13 milljörðum króna meira til fræðslu- og menntamála. Launafólk í landinu hefur einnig fengið sinn skerf. Þar sem meðallaun hafa hækkað úr 280 þúsund krónum árið 2003 í 420 þúsund og eins og áður þá hefur alltaf verið næg atvinna en um það þurfum við Íslendingar alltaf að standa tryggan vörð.

Eðlilegt er að spyrja hvort við hefðum viljað vera án þessa vaxtar og þá jafnframt án þeirra umbóta sem honum hefur fylgt á sviði menntamála, heilbrigðismála, menningarmála og samgöngumála. Og ég reikna með að flestir fagni því að íslenskt samfélag hafi átt efni á þeirri auknu velferð sem við höfum orðið vitni að og ég býst einnig við að flestir vilji að við höldum áfram á þeirri braut. Engu að síður má spyrja hvort við höfum farið of geyst, væntanlega er svarið já. Höfum við ekki öll gert eitthvað á þessum árum sem eftir á að hyggja var ekki skynsamlegt eða hefði mátt bíða eða ekki skilað því sem stefnt var að. Gildir það jafnt um fyrirtæki, stjórnendur þeirra, fjölskyldur og einstaklinga. Eftir sem áður er ég þeirrar skoðunar að við gerðum rétt. Við nýttum byrinn sem bættar aðstæður heima fyrir og framboð á ódýru fjármagni á alþjóðamörkuðum gaf okkur. Að sjálfsögðu voru gerð einhver mistök en þau verða ekki aftur tekin. Við getum lært af þeim og þau geta oft af sér góða hluti ef rétt er á málum haldið.

Og við skulum ekki gleyma því heldur að erfiðleikar á fjármálamörkuðum um þessar mundir eru alþjóðlegir og valda öllum þjóðum erfiðum áföllum. Og eitt af því sem ég hef lært á minni ævi og vil minna hér á er að þrátt fyrir nýjungar og umbætur á fjármálamörkuðum og fjármálastarfsemi þá eru lögmálin alltaf þau sömu. Það kostar alltaf að eyða því sem ekki er til. Gildir einu hvort það eru þjóðfélög, fyrirtæki eða einstaklingar. Við Íslendingar lifum á tekjum erlendis frá. Við getum eytt því sem við öflum í erlendum gjaldeyri. Ef við eyðum umfram það þá verðum við að borga fyrir það með einum hætti eða öðrum, í verðbólgu, falli krónunnar eða einhverju sem knýr okkur til að herða ólarnar og greiða skuldirnar. Þetta einfalda lögmál heldur alltaf gildi sínu.

Góðir fundargestir. Í þeirri ólgu sem skapast hefur hér á landi að undanfögnu vegna hinnar alþjóðlegu lánakreppu hef ég hugleitt hvernig lítið, sjálfstæð, ákøf og metnaðarfull þjóð, sem er eins háð alþjóðlegum kröftum og raun ber vitni, getur varið sig. Hvernig hún getur styrkt varnir gegn utanaðkomandi skakkaföllum, tryggt sig betur, mætt sveiflum og skapað meira öryggi og stöðugleika í efnahags- og fjármálaumhverfi okkar. Við Íslendingar höfum farsælega byggt upp öflugt lífeyrissjóðakerfi sem vakið hefur athygli og aðdáun víða um heim. Einstaklingar hafa lagt fjármuni til hliðar sem þeir geta nýtt síðar á ævinni þegar hægist um. Þetta veitir fólki hugarró og öryggi og skapar því svigrúm til að takast á við verkefni hvers dags. En við sem þjóð höfum ekki sýnt þessa fyrirhyggju. Við eigum ekki sjóð sem mætir alvarlegum þrengingum eins og þeim sem við göngum nú í gegnum. Og ég er þeirrar skoðunar að ef við Íslendingar viljum halda áfram á þeirri braut, að taka fullan þátt í viðskiptum á alþjóðamarkaði, halda áfram að auka tekjur okkar af viðskiptum við útlönd, halda sjálfstæðri efnahagsstjórn og eiga kost á eigin gjaldmiðli þá sé okkur nauðsynlegt að koma okkur upp öflugum varasjóði, eins konar þjóðarsjóði. Þetta eru gamalkunn búhyggindi, í góðæri skal maður huga að mögru árunum. Norðmenn hafa sinn olíusjóð sem tryggir þeim mikinn efnahagslegan stöðugleika. Við ættum að geta komið upp þjóðarsjóði sem hafi tekjur af auðlindum lands og hugviti þjóðar. Þjóðarsjóði sem myndi verja efnahagslífið og hagstjórnina fyrir svipuðum áföllum og þeim sem dunið hafa yfir okkur á síðustu mánuðum. Að mínum dómi ættu stjórnvöld að huga að stofnun slíks sjóðs jafnhliða því að þau kanna með hvaða hætti öðrum má stuðla að stöðugleika í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

Öllum er það nú ljóst að ekki verður unað við óbreytt ástand. Engin atvinnufyrirtæki geta borið til lengdar 15% stýrivexti og engin fyrirtæki geta vaxið þegar verðlag og gengi sveiflast upp og niður og lítið ræðst við verðbólguhrauginn. Og jafnvel þó við yrðum hluti af stærra peningakerfi og tækjum upp stöðugri mynt þá er ég ekki frá því að bjartsýni, ákafi og áhættusækni okkar Íslendinga muni eftir sem áður skapa þrýsting á efnahagskerfi okkar. Þá yrði ekki síður mikilvægt að eiga varasjóð til að vinna gegn skaðlegum áhrifum, sveiflum í búskap okkar. Og að sjálfsögðu geri ég mér grein fyrir því að öflugur þjóðarsjóður verður ekki til á einni nóttu og ljóst er að sjóður sem þessi býr ekki til nýja peninga. En hann mun stuðla að stöðugleika og ég vil trúa því að ein auðugasta þjóð veraldar muni á áratug eða svo safna fjármunum sem munu skipta sköpum og skjóta nýjum og sterkum stoðum undir efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði. Lífeyrissjóðirnir sem fyrir 40 árum byrjuðu á einni lítilli innborgun eru nú orðnir miklu stærri en ríkissjóður. Sama mun verða um okkar varasjóð. Hálfnað verk þá hafið er.

En hvað svo sem öllu líður þá er ég bjartsýnn. Ekki er ég aðeins bjartsýnn að upplagi heldur kynnist ég í mínu starfi ótal einstaklingum og fyrirtækjum sem blása manni vonir í brjóst og staðreyndin er sú að íslensk fyrirtæki eru flest hver vel rekin og standa á traustum grunni. Í þeim efnum erum við ekki eftirbátar neinna þó rétt sé að vanmeta ekki keppinautana. Þar sem hógværðin er verður mönnum sjaldan fótur um fót. Muna það. En það eru einmitt þessi fyrirtæki og dugmiklu einstaklingar sem munu nýta tækifærin því þau halda alltaf áfram að gefa sig fram, þeir gefa sig áfram fram við okkur sama hvernig árar. Þetta veit ég enda er ég af þeirri kynslóð manna sem þekkir allar sveiflur efnahagslífsins og hef lifað þær af.

Góðir félagar, Landsbankinn hefur trúlega aldrei staðið traustari fótum en nú og hefur í annan tíma ekki verið betur undir átök búinn. Rétt er að búast við áframhaldandi mótstreymi en ég treysti öflugum stjórnendum og starfsmönnum bankans til að takast á við það sem að höndum ber. Ég vil svo þakka starfsfólki Landsbankans, bankastjórum og framkvæmdastjórum samstarfið og þeirra framlag. Og til að sýna þakklæti í verki ákvað bankastjórn Landsbankans að færa sérhverjum starfsmanni í fullu starfi, sem ekki nýtur annarra árangurstengdra greiðslna, 150 þúsund krónur í kaupauka. Að okkar dómi er það mjög verðskuldað. Starfsfólk okkar er hópurinn sem stendur að

baki virtustu fjármálastofnun landsins og gerir Landsbankann að banka allra landsmanna. Þakka ykkur fyrir.

Kjartan Gunnarsson: Já, ég þakka formanni bankaráðsins fyrir hans ágæta erindi og athyglisverðu tillögur. Þá munum við fjalla um ársreikning bankans fyrir liðið starfsár og bankastjórnarnir munu gera grein fyrir honum og ég hyggst að venju sameina þrjá fyrstu dagskrárliðina, skýrslu bankaráðsins, ársreikninga og ákvörðun um meðferð hagnaðar undir einn dagskrárlið og hafa umræður um það sameiginlega í lok, þegar bankastjórnarnir hafa lokið máli sínu. En fyrstur tekur til máls Halldór J. Kristjánsson, gerðu svo vel.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Lí: Fundarstjóri, ágætu hluthafar og gestir. Við erum eins og formaður minntist á að ganga nú í gegnum fyrstu fjármálakreppu 21. aldarinnar. Eins og við vitum þá hófst kreppan með húsnæðislánakreppunni í Bandaríkjunum sem síðan dreifðist bæði um Bandaríkin og um heim allan. Við sáum að óvarlega hafði verið farið í þessum lánaflökki og enn fremur í alls konar skuldabréfavafningum sem menn framleiddu og seldu óhóflega ekki síður utan Bandaríkjanna en innan. Við sáum enn fremur stigmögnun þessarar kreppu vegna þess að það hafði myndast óvissa um eignarhald og það hafði myndast bil á milli lánveitenda og lántaka. Opinberar stofnanir hafa þó reynt að meta hvert er umfang vandans og við höfum kosið að nota hér sem viðmiðun það sem kemur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem er reyndar ólíkt því sem hefur verið metið hjá OECD en þar er gert ráð fyrir að heildarafskriftir verði um 1000 milljarðar dollarar og að 50% af því eða 500 milljarðar verði hjá bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Og ef við lítum á myndina til hægri hér þá sjáum við að af þeim kreppum sem við höfum farið í gegnum á liðnum áratugum er sú, sem við erum að fara í gegnum, trúlega sú sem dýpst er.

Eins og ég sagði áðan þá breiddist þessi kreppa til Evrópu, kannski nokkuð umfram það sem við áttum upphaflega von á. Og það er búið að áætla endurfjármögnunarþörfina í Evrópu af töpum sem verða af þessum ástæðum. Og áætlun sem Leaman Brothers hefur birt nýlega gerir ráð fyrir að þetta geti orðið um 104 milljarðar dollara og því verði mætt nánast að fjórðungi með því að skera niður eða minnka arðgreiðslu og að um rúmlega 80 milljarðar verði með hlutafjárútgáfu og við höfum séð allmargar stórar útgáfur nú þegar. Við verðum einnig að búa okkur undir það að tímabili lágra vaxta, eins og sést á

Þessari mynd hér til hægri að neðan, sé lokið að sinni og að við förum aftur á tímabil meira eðlilegri vaxta en hærri vaxta og við verðum að búa okkur undir það þegar ástandið verður orðið eðlilegt að nýju. Áhrifin á Ísland eru margvísleg en þau eru fyrst og fremst á þróun eignaverðs. En það sem við höfum séð í þessari niðursveiflu er að þróun eignaverðs hér á landi hefur verið nokkuð líkt og í löndunum í kringum okkur en þó hafa sveiflurnar verið meiri, sérstaklega ef horft er til hlutabréfaverðs og tengdra afurða. Nú þrátt fyrir að hafa ekki fjárfest í neinum af þessum vandamálalánum, sem heitið getur, þá hafa áhrifin orðið meiri hér en víðast annars staðar.

Og hvað skýrir þessi áhrif? Jú, það eru mjög ýkt áhrif á skuldatryggingamarkaðinn fyrir íslensku bankana. Það hafa orðið markaðsbrestir sem varða sérstaklega íslensk skuldatryggingarlög. Það gerðist að hluta til vegna þess að skuldatryggingar á íslenska banka voru mikið notuð í skuldabréfavafningunum og þegar þeir hafa verið leystir upp af ástæðum sem ekki varða Ísland neitt þá hafa orðið miklu meiri sveiflur á verðlagningu skuldabréfatrygginga. Nú, þetta hafa spákaupmenn nýtt sér og vafalaust hafa sveiflurnar aukist við það að ákveðnir aðilar hafa tekið sig saman um að reyna að nýta ástandið. Ég ætla ekki að gerast dómari, það verða opinber yfirvöld að rannsaka og gera en grunsemdir hafa vaknað og þær verður að rannsaka. Það sem er mikilvægt að gera sér grein fyrir þó, á síðustu vikum, er að við teljum að með aðgerðum, ekki síst Seðlabanka Bandaríkjanna, þá hafi tekist að koma í veg fyrir alþjóðlegan kerfisvanda og að mögulegum kerfisvandamálum um heiminn allan hafi verið afstýrt.

Ef við lítum á það sem er að gerast núna og berum það betur saman við það sem var að gerast árið 2006 þá er þetta eilítið flókin mynd en hún segir tiltölulega einfalda sögu um það sem gerðist árið 2006. Þá voru CDS-sveiflurnar alfarið tengdar Íslandi og þær hófust á neikvæðri umræðu um Ísland, fyrst og fremst kannski fyrsta skýrsla Fitch; svo bættust aðrir aðilar við og þetta var að mörgu leyti byggt á misskilningi og við náðum að leiðrétta það. Hins vegar ef þið horfið á þessa mynd þá náðist ekki árangur í að koma skuldatryggingarlögunum niður fyrr en íslenskir bankar sýndu að þeir gátu aflað sér lánsfjár. Ég held að þetta sé mjög mikilvæg staðreynd að hafa í huga núna þegar við erum að takast á við ástandið á þessu ári. Og þið sjáið af

myndinni að það var fyrst og fremst eftir vel heppnaða lántöku Landsbankans í ágúst 2006 sem skuldatryggingarálögin komu mjög hratt til baka.

Sveiflurnar nú eru af öðrum toga. Við sjáum það, ef við berum saman fjólubláu línuna hér sem er hin alþjóðlega ITRAXX Crossover vísitala, að framan af árinu 2007 þá voru íslensku bankarnir með afskaplega lág álög en breyting varð um leið og alþjóðlega kreppan hófst með tilkynningum um undirmáslán og vandamálalán í Bandaríkjunum í ágúst. Nú, Ísland fylgdi með nokkuð ýktum hætti þróuninni fram eftir hausti en það sem við sáum var að þegar að Moody's setti Ísland og bankana á neikvæðar horfur þá skildi á milli og skuldatryggingarálögin fóru verulega hækkandi og fóru að nema fjárhæðum sem voru verulega hærri en ITRAXX Crossover vísitalan. Nú en við sjáum það einnig að þegar viðsnúningur varð og við getum sagt að það hafi verið fyrst og fremst í kringum það þegar bandaríski seðlabankinn opnaði fyrir lausafjáraðgang heildsölubankanna í Bandaríkjunum að þá hafa skuldatryggingarálögin hér á landi komi hratt til baka og mun hraðar heldur en hin alþjóðlega vísitala sem ég er að bera hér saman við. Og skuldatryggingarálögin hafa haldið áfram að lækka þrátt fyrir að hafi bæst í neikvætt mat á því tímabili sem við höfum séð lækkunina. Og það sem má lesa út úr þessu er einfalt. Að sveiflurnar hafa verið ýktar af þessum tæknilegu ástæðum sem ég vék að í byrjun og þess vegna má vænta þess að aðlögunin hér geti orðið hraðari ef við sjáum réttar aðgerðir á markaði.

Nú, ástandið 2006 til 2007 kallaði á aðrar aðgerðir og við höfum farið yfir það áður. Við lækkuðum okkar markaðsáhættu, við reyndum að einfalda hér eignarhald og allt þetta skilaði mjög góðum árangri. Af hálfu Landsbankans var lögð áhersla á að draga lærdóm af þróuninni árið 2006 og styrkja lausafjárstöðuna verulega með því að lengja í endurgreiðsluferli og hefja af krafti töku alþjóðlegra innlána. Við lögðum einnig áherslu á að bæta samsetningu tekna til að standa betur gegn ytri áföllum, eins og formaðurinn vék að hér áðan. Sá vandi sem við stöndum frammi fyrir núna kallar hins vegar á aðrar aðgerðir. Við núverandi aðstæður sem eru alþjóðlegar og ekki séríslenskar skiptir máli fyrir íslenska banka og fyrir Landsbankann að standa styrkum stoðum, að halda áfram að skila góðu uppgjöri. Við þurfum að halda áfram að fjölga stoðum fjármögnunar, sérstaklega með áherslu á innlán alþjóðlega. En meðan aðstæður eru erfiðar á alþjóðlegum mörkuðum verðum

við einnig að halda áfram og í raun og veru hefja það sem við höfum lítið gert til þessa sem er að gefa út skuldabréf sem eru eignatryggð. En þar eigum við töluverða möguleika vegna þess hvað lítið við höfum gert það á liðnum árum.

Nú, áherslan í ár verður eðlilega á því að halda áfram að ná meiru út úr rekstrinum, samþætta starfseiningar og auka tekjur. En það er einnig ljóst að við þessar aðstæður verðum við að draga úr vexti efnahagsreiknings allra íslensku bankanna og í samræmi við það sem hefur gerst alþjóðlega. En það sem við teljum að muni koma Landsbankanum til góða við það endurmat sem fram fer á vaxtakostnaði og alþjóðlegu áhættumati er að slíkt umhverfi er hagstætt fyrir aðila eins og Landsbankann þar sem við höfum byggt upp alhliða banka og reynt að haga útrás okkar þannig að hún leiði til góðrar áhættudreifingar og við höfum haldið okkur við grunnstarfsemina okkar sem er lánastarfsemi.

Það hefur verið fjallað um vöxt bankanna og vöxt íslenskra fyrirtækja. Ég tel að hvað Landsbankann varðar þá njótum við nú fyrst og fremst ávinningsins af því að hafa aukið fjölbreytni í starfsemi. Við höfum byggt á traustum grunni, við höfum aukið fjölbreytni bæði eigna- og skuldamegin og við höfum lagt mikla áherslu á að fjölga tekjustoðum. Þetta höfum við gert bæði til að ná fram betri atvinnugreinadreifingu og betri landfræðilegri dreifingu. Og þetta kemur bankanum til góða við áhættumat á bankanum, eins og sést vel á samanburði skuldatryggingarálaga íslensku bankanna. Við höfum stækkað með mjög varfærnum hætti og við höfum keypt minni fyrirtæki og byggt á þeim og byggt á innri vexti. Og ef við lítum á samanburð við aðra alþjóðlega banka þá sjáum við að viðskiptavild sem hlutfall af eigin fé er afar lágt hlutfall hjá Landsbankanum af þeim bönkum sem við myndum einna helst bera okkur saman við. Við höfum nýtt varfærna áhættustýringu í vexti okkar, við höfum byggt upp traustan afskriftareikning og það sést ennfremur hér af samanburðinum að við erum með afar traustan afskriftareikning sem hlutfall af útlánum ef borið er saman við helstu banka í nágrannaríkjum og þá sem við höfum kosið að bera okkur einna helst saman við. Við höfum sterka lausafjárstöðu, við höfum sterkt eiginfjárlutfall og álagspróf Fjármálaeftirlitsins staðfesta það hvað vel Landsbankinn getur þolað og hefur reyndar þolað margföld áföll núna á síðustu misserum sem hafa auðvitað gengið yfir þjóðarbúið og bankakerfið í heild.

Það sem hefur umbreytt Landsbankanum mest á nýliðnu ári er vöxtur innlána og það hefur styrkt efnahagsreikning bankans mjög. Í upphafi útrásarinnar eins og þið sjáið á þessari mynd þá uxum við hraðar í útlánunum heldur en í innlánunum en við snerum þessu við á árinu 2006 og náðum mjög háu hlutfalli innlána af útlánunum eins og sést af myndunum hér til hægri. Við leggjum áherslu á það á þessu ári að auka vöxt innlána og auka fjölbreytnina í innlánunum. Við erum áfram með mestu hlutdeild innlána hér á heimamarkaði og viljum treysta stöðu okkar í því. Við höfum einnig byggt upp fjölbreyttar stoðir innlána í Evrópu, við erum með innlán í Luxemburg, Amsterdam og við erum með mjög fjölbætt innlán í Bretlandi. Reyndar hefur einn reikningur okkar fengið mesta athygli, Icesave reikningurinn, en þess vegna legg ég áherslu á það að við höfum tekið innlán með margþættum hætti í Bretlandi og það eykur mjög öryggið í heildarfjármögnun okkar. En ég kem betur að Icesave reikningnum hér á eftir. En við stefnum að því að markaðssetja þessa vöru, Icesave sem hefur orðið svo vinsæl í Bretlandi, á meginlandi Evrópu og við munum tilkynna það eftir því sem þær ákvarðanir eru tilbúnar.

Vextirnir á Icesave eru núna 6,05% í pundum og við höfum þessa vikuna auglýst nýja tryggingu um að vera 35 punkta yfir stýrivexti Bretlandsbanka alveg til ársins 2011. Þessi aðgerð var gerð til að styrkja enn reikninga okkar í sessi og höfða til þeirra viðskiptavina sem við viljum einkum og sér í lagi höfða til sem eru langtímasparendur. Það hefur verið opnaður metfjöldi nýrra reikninga núna á fyrsta árshlutanum og viðskiptavinir okkar í Bretlandi eru núna um 220 þúsund og þeim hefur fjölgað um 60 þúsund núna á fyrsta ársfjórðungi. Það gengur mjög vel að laða sparendur í Icesave inn í bundin innlán og núna eru um 35% af innlánunum okkar í Bretlandi annað hvort í bundnum innlánunum eða í innlánunum sem tengjast skattsparnaði sem eru einhver traustustu innlán á Bretlandseyjum. Þróunin sem við höfum séð hins vegar er sú vegna umræðunnar um innlán í Bretlandi að hver reikningur hefur lægri fjárhæð, það er meiri dreifing og það teljum við jákvætt. Við viljum sjá fleiri reikninga með lægri fjárhæðum því það enn og aftur eykur öryggi fjármögnunar.

Við höfum árið 2008 með mjög sterka lausafjárstöðu. Við höfðum um 9 milljarða evra í lausafé og tiltölulega léttan endurgreiðsluferil eða aðeins um 750 milljónir evra. Við höfum greitt töluvert mikið af þessu núna á fyrstu mánuðum ársins og endurgreiðslur okkar, þær sem eftir eru á árinu 2008, eru

aðeins um 300 milljónir evra. Við höfum tekið að láni u.þ.b. 1000 milljónir evra á þessu ári af langtímalánum. Og ef þið lítið á myndina til hægri þá sjáið þið að Landsbankinn stendur afar vel þegar metið er hlutfall lána sem er til endurgreiðslu nú á árinu 2008 miðað við heildargreiðslur af langtímalánum og stendur reyndar best af öllum þeim bönkum sem við berum okkur saman við.

Örfá orð að lokum um efnahagsmálin. Við teljum mjög mikilvægt að reyna að koma betur á framfæri því sem að Seðlabankinn hefur birt núna alveg nýlega og styðja þá skoðun sem greiningardeild Landsbankans hefur reyndar sett fram fyrir um ári síðan að það beri að horfa á skuldastöðu landsins með hliðsjón af þróun markaðsverðs. Og niðurstöður Seðlabankans, sem birtar voru í síðasta hefti Peningamála, sýna að ef þetta er endurmetið á grundvelli markaðsverðs þá er hrein erlend skuldastaða neikvæð um 27% af landsframleiðslu en ekki 120%. Og ef þetta endurmat er framkvæmt til baka þá sjáum við einnig að í þessu hefur falist ofmat á stöðunni, neikvæðri stöðu við útlönd. Íslenskt efnahagslíf stendur sterkt, ríkissjóður er orðinn skuldlaus samkvæmt nýjum skýrslum fjármálaráðuneytisins ef tekið er tillit til inneignar hjá Seðlabankanum. Við stöndum sterkum stöðum í atvinnugreinum sem allir telja að munu eiga mikla vaxtarmöguleika, matvælaframleiðslu, orku og hátækni sem byggir á þeim greinum. Eitt af því mikilvægasta sem þó er framundan er að auka fjárhagslegan styrk Seðlabankans og auka gjaldeyrisforðann í því skyni að samræma umfang fjármálageirans og kerfislegt bakland hagkerfisins. Nú, við teljum að lendingin í efnahagsmálum geti orðið nokkuð mýkri en svartsýnustu spár segja til um. Fall krónunnar hefur vissulega hrundið af stað verðbólguksoti sem ekki verður barist gegn en við teljum að það hægi hratt á verðbólgunni á næsta ári. Reynslan sýnir auðvitað að gengið skiptir hér höfuðmáli og þess vegna er erfiðara að spá fyrir um þróunina nú en oft áður. En við höfum trú á hinum sterku hagrænu undirstöðum sem ég vék að áðan og þeim sveigjanleika sem íslenskt þjóðarbú og fyrirtæki og bankar hafa sýnt aftur og aftur til að bregðast við vanda sem upp kemur. Nú, við teljum að hagvöxtur verði lítill á þessu ári og hugsanlega neikvæður á árinu 2009 en síðan verði jákvæður hagvöxtur að nýju. Við teljum ekki að það verði eins mikil dýfa á fasteignamarkaði eins og komið hefur fram í umræðunni af annarra hálfu og að eftir lækkun á þessu ári verði hækkun á ný á árunum 2009 og 2010. Í öllu þessu teljum við þó mikilvægt að missa ekki af þeim sóknarfærum sem við höfum í nýtingu orkuauðlindanna til þess að skapa útflutningstekjur. Og nýjar

framkvæmdir á þessu sviði gæti dregið úr samdrætti á næsta ári og aukið hagvöxtinn árið 2010 og við teljum afar mikilvægt að þetta sé gert. Bestu þakkir.

Kjartan Gunnarsson: Ég þakka Halldóri J. Kristjánssyni fyrir hans ræðu. Nú, það ber að geta þess hvað eru margir mættir hér á fundinum, en samkvæmt upplýsingum hlutafjárskrár bankans þá eru 185 hluthafar mættir og þeir fara með 52% af hlutafé bankans eða hlutafé að nafnvirði 5.804.372.534 krónur. Þá tekur til máls Sigurjón Þ. Árnason.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbanka Íslands: Já, ágætu hluthafar og aðrir góðir gestir. Ég ætla að fá að byrja á þessari glæru hér. Svona heildaryfirlit yfir kannski Landsbankann. Því það er nú þannig að jafnvel þó árið í fyrra hafi verið nokkuð erfitt þá var nú hagnaður Landsbankans engu að síður 40 milljarðar. Eftir skatta. Rúmir 45 milljarðar fyrir skatta. Og það svaraði til 31% arðsemi fyrir skatta og 27% eftir skatta. Og það er nú einfaldlega þannig eins og kemur hérna kannski fram í glæru á eftir að þetta er nú með hæstu arðsemi sem um getur í Evrópu. Og horft yfir fimm ára tímabil þá held ég að við séum bara einna hæstir ef ekki bara hæstir. Alla vega samkvæmt þeim glærum sem eru hér á eftir þá lendum við í fyrsta sæti. Þannig að þetta er nú bara nokkuð gott sko. En á síðasta ári þá eru heildartekjur bankans 110 milljarðar. 57 af þessum 110 milljörðum fóru í rekstrarkostnað. 7 fóru í að leggja til hliðar á móti mögulegum útlánatöpum. Endanleg útlánatöp voru reyndar rétt um 2 milljarðar en við lögðum meira til hliðar til þess að eiga í sjóðum. Og þetta svaraði allt til þess að hagnaður var sem sagt 45 fyrir skatta og rétt tæpir 40 eftir skatta. Heildareignir bankans, eða sem sagt stærð efnahagsreikningsins í lok ársins var kominn upp í 3.057 milljarða og eigið fé bankans 180 milljarðar. Og hafði þá aukist á undanförunum fimm árum frá því að vera sirka 16 í nú 180, það er að segja ellefufaldast. Eigið fé er venjulega mælt á svona frekar óvenjulegan hátt í bönkum, það er talað um svokallað CAD-hlutfall sem skiptir miklu máli. En það var 11,7% hjá okkur. Og það er venjulegast talað um TIR one og TIR tvö hlutfall; svona mjög mikið tæknimál. En TIR one hlutfallið hjá okkur er 10,1% sem er mjög hátt, með því hæsta sem um þekkest í Evrópu. Neðst á þessari yfirlitsglæru þá sjáið þið þrjár kökur. Ein þeirra sýnir hvernig tekjurnar skiptast á milli landa. Og stærðargráðan er þannig að það er svona sirka about rétt um helmingur af tekjunum sem skapast á Íslandi. Síðan sjáið þið jafnframt

hvernig starfsmönnum er skipt á milli landa og þið sjáið að það er sama, svona nokkuð gott samræmi í því. Það er um það bil helmingur allrar starfseminnar hérna á Íslandi. Og síðan sjáið þið í kökunni þarna í miðjunni þá sjáið þið hvernig tekjurnar skiptast á milli einstakra sviða. Og þá sjáið þið að sirka helmingurinn kemur af fyrirtækjastarfsemi. Einn fjórði kemur af ýmiss konar verðbréfastarfsemi eða fjárfestingabankastarfsemi eins og það er stundum kallað líka. Og einn fjórði síðan kemur frá starfsemi eignastýringar, sérbankaþjónustu og síðan starfsemi útibúa á Íslandi og sambærilega starfsemi sem við erum með á erlendum vettvangi.

Á þessari glæru og jafnframt hér fyrir miðju þá sjáið þið hvar við erum með starfstöðvar í dag. Við erum núna með starfstöðvar í 16 löndum. Tvær eru þó auðvitað langmikilvægastar, það er annars vegar þar sem auðvitað rætur bankans liggja hér á Íslandi og hins vegar í London. Þetta eru tvær mikilvægustu starfstöðvarnar en auðvitað eru þær umtalsvert fleiri. Og mér datt í hug að það væri kannski þess virði að fara svolítið lauslega yfir það þannig að menn hafi smá tilfinningu fyrir þessu, því að eitt er að tala um þetta á blaði og horfa á einhverjar tölur og hins vegar fá svolitla yfirsýn hvað við erum að gera kannski á hverjum stað. Án þess að fara of djúpt í það þó. Á þessari mynd sjáið þið svona skemayfirlit sem er í rauninni í einhverjum skilningi yfirlit yfir stefnu bankans. Ef við skiptum bankanum í þessi nokkur svið. Það er að segja við erum með verðbréfavíðskipti hvers konar, við erum með fyrirtækjaráðgjöf, það er að segja kaupa og selja fyrirtæki og skrá fyrirtæki á markað og afskrá og svo framvegis. Og við erum auðvitað með fjárstýringu sem er auðvitað hjartað í bankanum sem aflar fjárins. Nú fyrirtækjasviðið, það eru fyrirtækjavíðskiptin, eignastýring og sérbankaþjónusta og síðan útibússtarfsemin á Íslandi og sambærileg þjónusta eða svipuð á erlendum vettvangi, eða það sem við köllum oft sérstæð fjármögnun. Og rauðu punktarnir á þessari mynd þeir segja, sýna okkur hvar við erum í sérhverju landi með starfsemi sem er búin að vera starfandi lengur heldur en tvö ár og orðin nokkuð umsvifamikil og þróttmikil. Svörtu punktarnir vísa í, það er svona starfsemi sem er verið að taka upp á síðastliðnum tveimur árum og er auðvitað orðin kröftug en er engu að síður innan við tvö ár frá því að við störtuðum starfseminni. Því við höfum auðvitað verið svolítið mikið í því að kaupa okkur litla platforma og bæta jafnt og þétt inn í það. Á þessari mynd sjáið þið ýmis lógó frá ýmsum fyrirtækjum. Og ég ætla nú ekki að fara djúpt í það en ef þið mynduð leggjast yfir glærana og skoða hana þá mynduð þið sjá að

Þarna er blanda af annars vegar íslenskum fyrirtækjum og hins vegar erlendum fyrirtækjum sem við vinnum með vítt og breitt um heiminn. Því að auðvitað er það þannig að Landsbankinn í dag er orðinn miklu miklu meira heldur en hann var fyrir nokkrum árum síðan. Við erum auðvitað bara orðinn evrópskur banki sem er með íslenskar rætur og helmingurinn af okkar starfsemi er ennþá hérna á Íslandi og er það vel. En auðvitað er framtíðin fólgin í því að vaxa enn frekar á erlendum vettvangi þó að á móti blási kannski til skamms tíma séð en auðvitað er það þannig að við erum sterk og förum auðvitað létt í gegnum þetta. Því það er auðvitað búið að leggja alveg ótrúlegan grunn að þessum banka á undanförunum árum.

Hérna er bara önnur sambærileg mynd svona með svipað. En þessi glæra hérna hún kannski útskýrir svona grunnstefnuna sem við vinnum eftir. Við lítum í rauninni svo á að við séum í rauninni bara evrópskur banki með rætur á Íslandi og erum að bjóða einstaklingum, fjárfestum og meðalstórum fyrirtækjum samþætta fjármálaþjónustu. Tölum oft um að við séum svona eins konar fyrirtækjafjárfestingabanki og það er kannski aðalatriðið. Og er sýnt þarna á annarri hliðinni. Til hliðar er það sem við köllum sérhæfð fjármögnun og innlán einstaklinga. Því auðvitað er það þannig að það skiptir miklu máli að hafa ákveðið svona balance í heildarmyndinni og alveg á sama hátt að hérna heima á Íslandi þá leggur útibúakerfið gríðarlega sterkan og traustan grunn að öllum viðskiptunum. Á sama hátt erum við í rauninni að gera svipaða hluti á erlendum vettvangi og einhver myndi segja náð góðum árangri í því á Bretlandseyjum þar sem við erum nú þegar komin með 220 þúsund viðskiptavinum í Icesave eins og var talað um. En allt í allt held ég að viðskiptamannahópur Landsbankans í Bretlandi sé í kringum 250 þúsund. Þannig að raunar erum við með fleiri viðskiptavinum í Bretlandi heldur en á Íslandi í hvers konar viðskiptum þar sem eru bæði innlán og útlán til einstaklinga og smærri aðila. Og þetta er svona okkar útibúanet, ef svo má að orði komast, á erlendum vettvangi og leggur í rauninni traustan grunn að starfseminni. En hinn hagnaðurinn og stóru verkefni og stóru tekjurnar þær koma alltaf fyrirtækja- og fjárfestingamegin frá eins og ég sýndi ykkur á fyrstu glærunni. Þar koma 75% af tekjunum og hagnaðinum, hitt er svona af stærðargráðunni 25% en leggur alveg gríðarlega sterkan og traustan grunn að öllu kerfinu.

Á undanförunum árum þá höfum við staðið í þessari uppbyggingarstarfsemi og erum komnir í rauninni mjög langt miðað við á hvaða punkti við byrjuðum. En auðvitað erum við samt í rauninni kannski bara rétt að byrja. En samt höfum við gert þetta að mörgu leyti hægt og hljótt í einhverjum skilningi því að við höfum ekki fjárfest mjög mikið. Heildarfjárfesting okkar yfir allt tímabilið er mæld í 500 milljónum evra og þá verður maður að horfa til þess að evran var mun ódýrari á sínum tíma þegar við vorum að fjárfesta. Þó það sé núna búið að breytast. En heildarfjárfestingin er rétt rúmlega 40 milljarðar og eigið fé okkar í dag er 180 þannig að þetta er tiltölulega lítið af heildarmyndinni. En hefur í raun verið mjög vel fjárfest, að ég tel, og lagt mjög víðtækan grunn að þessu út um allt.

Ef við minnumst kannski svolítið á sérhverjar einingar þá er hérna fyrsta einingin, Landsbanki Luxembourg. Þetta er banki sem var upphaflega stofnaður af Íslendingum árið 2000. Kom í eigu Landsbankans í maí 2003 og, og þarna er okkar, svona hjartað í okkar sérbankapjónustu, í rauninni fyrir alla samstæðuna. Og þarna eru í dag um 140-150 starfsmenn frá mjög mörgum þjóðlöndum og upphaflega var það auðvitað þannig að Íslendingar voru sér í lagi viðskiptavinir en í seinni tíð eru þetta viðskiptavinir alls staðar að úr Skandinavíu, Bretar, Frakkar og jafnvel frá Austur-Evrópu einnig. Þannig að þetta er í raun og veru orðinn mjög alþjóðlegur banki sem á sér íslenskar rætur og er stjórnað af Íslendingum en í eigu Íslendinga, það er að segja okkar. En er orðinn miklu, miklu víðtækari og farinn að verða einn af stærri bönkum Lúxemborgar í dag.

Í Bretlandi þá er þetta byggt upp á þremur einingum sem jafnt og þétt eru svona að nálgast hver aðra og verða að meiri, einni heild. Við byrjuðum á því á sínum tíma að kaupa bankann sem þá hét Heritable banki, er núna kallaður Heritable. Síðan í seinni tíð þá stofnuðum við okkar eigið útibú, Landsbanki London Branch og svo í þriðja lagi þá keyptum við fyrirtæki sem hét Teather and Greenwood, seinna keyptum við fyrirtæki sem hét Bridgewell, reyndar á síðasta ári, og sameinuðum í það sem heitir Landsbanki Securities sem er í nánnum tengslum við Landsbankann London Branch. Jafnt og þétt er þetta svona að renna saman í eina heild. En Heritable bankinn í dag sem er sá banki sem heldur utan um alla okkar innlánastarfsemi með vel yfir 200 þúsund viðskiptavinum, eins og þegar hefur komið fram. Hann heldur utan um Icesave vöruna og reyndar aflar innlána sjálfur undir eigin nafni og stendur í rauninni að mörgu leyti sjálfur. Það er að segja hann fjármagnar sig sjálfur með innlánnum.

Jafnframt sér hann um innlána-product fyrir bankann í heild. Þarna erum við búin að sérhæfa okkur í ýmsum viðskiptum og þetta er eiginlega svipað og úibúanet okkar Íslendinga, leggur góða kjarna. Þarna erum við búin að sérhæfa okkur í viðskiptum við ýmsa smærri aðila sem eru í því að kaupa fasteignir í London og þróa þær áfram. Og við erum búin að vera í því núna. Það er svona rötin að viðskiptunum. Þetta er banki sem er á svipuðum aldri og Landsbankinn, eins og þið sjáið, stofnaður 1877. Og þetta er nú mjög traustur banki því að ég held að síðast töpuðu lánin 1992, það er nokkuð langt síðan. Þannig að þetta eru svona ýmis fleiri atriði sem við erum búin að vera að sérhæfa okkur í. Eins og sem dæmi að lögræðingar eru mjög oft viðskiptavinir hjá okkur, við erum búin að sérhæfa okkur í því að lána þeim fyrir sínum tryggingum.

Nú, Landsbanki London Branch er að mörgu leyti stærsta einingin hvað varðar stærð efnahagsins. Þarna er verið að eiga viðskipti við fjölda fyrirtækja og í raun er það þannig að þessi eining þarna hún dekkar auðvitað Bretland en hún dekkar líka mjög stóran hluta okkar lánastarfsemi inni í Evrópu því að London er auðvitað fjármálamiðstöð Evrópu og við vinnum auðvitað mikið út frá þessu landi og við vinnum mjög náið í þessu samhengi með Wachovia, sem er einn af stærstu bönkum Bandaríkjanna, ef ég man rétt sá fjórði stærsti. Og í ákveðnum vöruflokkum erum við hálf svona nátengdir þeim í einhverjum skilningi þar sem þeir eru ekki með starfsemi í Evrópu heldur einkum og sér í lagi í Bandaríkjunum þá sjáum við um ef þeirra viðskiptavinir þurfa á ákveðnum tegundum af þjónustu að halda í Evrópu þá sjáum við um það. Þetta hefur hjálpað okkur mjög mikið til þess að vaxa í mjög traustum og góðum lánnum sem eru kölluð eignatryggð lán sem ganga út á það að fjármagna lausaskuld, eða svona lausaeignir fyrirtækja. Og verðbréfastarfsemin er í dag staðsett í sama húsi og Landsbanki London Branch og reyndar erum við að undirbúa það að flytja; þetta er búið að sprengja allt utan af sér og það er ekki lengur pláss fyrir alla starfsemina á einum stað. Þannig að þetta er núna komið á tvo staði en við erum búin að leigja okkur nýtt húsnæði sem er verið að taka í notkun núna og verður væntanlega tilbúið í haust. Og þarna sjáið þið mynd af því. Þetta er tölvumynd sem er búið að setja inn á staðsetninguna, þetta er í miðri City. Og þarna munum við leigja þrjár hæðir og hinar hæðirnar verða með Bank of Ireland. En við verðum með þrjár fyrstu en þeir verða með hæðirnar þarna fyrir ofan. En þetta er verðbréfastarfsemin sem er búin til úr þessum tveim fyrirtækjum sem við keyptum á sínum tíma og við erum með svona 2-4%

markaðshlutdeild á markaðnum. En auðvitað þó ég tali um þetta svolítið í einingum þá er það kannski viljandi gert bara til þess að segja svona ákveðna sögu í leiðinni en auðvitað er þetta þannig að þetta er jafnt og þétt að renna saman allt í eina einingu. Og allt ber þetta núna Landsbankalógóið og Landsbankanafnið og, eins og sést á þessari mynd, allt í allt myndar þetta auðvitað eina heild, er auðvitað bara Landsbankinn og reynum að segja að ef við horfum til dæmis á verðbréfavíðskiptin þá er enginn í allri Evrópu sem er með jafnmikla, hvað við höfum mikið coverage eins og maður myndi kannski segja á slæmri ensku, slæmri íslensku. Að greina fyrirtæki um alla Evrópu. Við erum að greina með lókal fólki í sérhverju landi milli átta og níu hundruð fyrirtæki. Sem er eitt það allra mesta sem þekkest í Evrópu. Þannig að þekking okkar á innviðum þessara helstu fyrirtækja á Evrópumarkaði er í rauninni alveg ótrúleg. Miklu miklu meiri en held ég að Íslendingar almennt gera sér grein fyrir.

Hérna er sýnt skematískt svona hvar við erum stödd og hvað eru margir starfsmenn sem eru að vinna á hverjum, sérhverjum stað í þessari framlínu hvað snýr að greiningunni. Auðvitað er til viðbótar, og þetta er verðbréfasviðið sem ég er að lýsa, en auðvitað eru aðrar deildir. En þetta er svona til að sýna ykkur dreifinguna og hvað þetta er mikið. Það er ekki algengt að menn geri þetta út frá þessari lókalnalgun, það er að segja vinna allt lókalt og hérna vera sem sagt með lókalmenn á sérhverjum stað. Stærri bankarnir eru flestir með þetta allt sentralíserað í London og það er auðvitað aldrei það sama og maður sem er á staðnum, sem er í tengslum við fyrirtækin og er að skrifa um þetta heldur en sá sem er að gera þetta úr fjarlægð.

Nú ein einingin, sem við keyptum sem í dag heitir Landsbanki Kepler, var einnig með starfsemi í Bandaríkjunum og þar erum við núna með 20 starfsmenn á þeirra vegum og jafnframt höfum við verið að undirbúa það að hefja útlánastarfsemi þar. Nú írska starfsemin, sem er eina eining Landsbankans sem er ekki með Landsbankann fremst í nafninu sínu, heitir hjá okkur Merrion Landsbanki. Það er alveg ótrúlega öflug eining sem við eignuðumst þar. Það er fyrirtæki sem var stofnað 1999 og við keyptum fyrst helminginn í fyrirtækinu og núna eigum við rétt ríflega 80% í fyrirtækinu og þetta er fjórða stærsta verðbréfafyrirtæki á Írlandi og ótrúlega öflugt og í rauninni hvert einasta stórverkefni sem hefur verið á Írlandi undanfarin ár hafa þeir með einum eða

Öðrum hætti verið í tengslum við þá. Þannig til dæmis á síðasta ári þá varð það verkefni sem fékk titilinn eins og sagt var á ensku Corporate finance deal of the year, þeir voru í því, en það var verið þá að taka þeirra Landssíma, sem heitir Aircom, af markaði. Og þeir voru í nánum tengslum við það verkefni. Það verkefni, sem var skráning á fyrirtæki á hlutabréfamarkaði, var talið hafa heppnast best. Þeir voru í því. En það var útboð á skráning á Air Lingus sem er svona þeirra Icelandair. Kom á markað á síðastliðnu ári. Og þeir voru einnig tilnefndir verðbréfamiðlari ársins af Moneymade. Þarna erum við, í hinum löndunum erum við svona dæmigert með 2-4% markaðshlutdeild, hérna á Íslandi erum við auðvitað með kannski 30, 40. En þarna erum við svona milli 5 og 10 eftir einstökum vörum en þannig að þarna náum við svona enn stærra level heldur en kannski á meginlandinu. Og þarna erum við með ríflega 100 starfsmenn.

Á síðastliðnu ári þá fórum við út í mikla fjárfestingu sem ég held að muni kannski ekki fara að skila miklum hagnaði ekki fyrr en kannski 2009. En við prófuðum nýja aðferð í rauninni. Hingað til höfum við keypt einingar og verið síðan að bæta inn í. Á síðasta ári ákváðum við að prófa nýja nálgun og bæði erum að gera það í Noregi og Finnlandi. Það er að segja ráða bara heilu teymin inn í kerfið, kaupa ekki fyrirtæki heldur ráða aðila sem eru vanir að vinna saman og útvega þeim starfsaðstöðu og vera með öll leyfin og undirbúninginn. Tengja inn í öll kerfin sem við eigum sem er auðvitað gríðarlegt net og það er auðvitað ástæðan fyrir því að fólk er tilbúið að ganga til liðs við okkur. Og leggjum í rauninni grunninn að því með því að bara byrja frá núllpunkti, bara green field, svipað eins og Lúxemburgarbankinn var stofnaður á sínum tíma árið 2000. Og jafnt og þétt byggir upp. Til skamms tíma séð þýðir þetta auðvitað rekstrarkostnað sem ekki er hægt að eignfæra eins og þegar maður kaupir fyrirtæki þá getur maður eignfært viðskiptavildina sem fylgir þeim kaupum. En ég hugsa að til lengri tíma litið sé þetta jafnvel ódýrari aðferð. Ef vel tekst til. Og svo virðist alla vega af þeim árangri sem þegar hefur náðst af þessu ári þá getur maður ekki séð annað en þetta lofi mjög góðu. Þarna í Osló erum við komnir með 37 starfsmenn og í Helsinki erum við með rétt tæpa 20.

Önnur eining, sem við bjuggum til árið 2006, þar sem við fengum heilt svona team og gerðum algjörlega frá grunni en þó samhliða þeirri þjónustu sem við vorum þegar komin með og kannski var í einhverjum skilningi þar af leiðandi

auðveldara, það hefur verið það sem er kallað Landsbankinn Amsterdam Branch þar sem við erum búin að byggja alveg ótrúlega öfluga einingu sem meira en fjármagnar sig sjálf og í rauninni hjálpar til við að fjármagna heildarbankann. Og þarna eru rúmlega 20 starfsmenn starfandi sem eru í ýmiss konar fyrirtækjaútlánum og öflun innlána. Og ég alveg sannfærður um það að þessi markaður þarna í Amsterdam, það er að segja Holland, er mjög góður markaður fyrir Íslendinga til að vinna á. Okkur hefur verið mjög vel tekið á þessum markaði og þetta á eftir að skila okkur mjög miklu, ég er sannfærður um það og er reyndar þegar að skila dágóðum hagnaði.

Síðan eru heldur smærri starfsstöðvar, það er í Kanada; þar byrjuðum við náttúrulega á því að fylgja eftir okkar sjávarútvegsmönnum sem höfðu verið að afla viðskiptavina í Kanada og byrjuðum á því að starta upp fyrst það sem kallað er svona söluskrifstofa eða Rep-office á ensku og seinna breyttum við því yfir í útibú og núna er ekki ólíklegt að þetta endi bara í því að vera formlegt dótturfélag fyrir rest. En þarna erum við til staðar, þarna sjáið þið bankann. Hann er nú kannski ólíkur Landsbankanum, húsið sem við völdum þarna, eins og þið sjáið kannski. Er þarna á góðum stað í Halifax en jafnframt erum við núna einnig komin með starfsaðstöðu í Winnipeg í Íslendinganýlendunni sem þar er.

Nú á síðasta ári þá fengum við starfsleyfið í Hong Kong sem er gert ráð fyrir að verði okkar herna kjarnastarfstöð í Asíu og þar erum við að sinna ýmsum hlutum. Það byrjaði auðvitað á því, eins og eiginlega allt sem hefur verið gert í Landsbankanum, þetta kemur einhvern veginn venjulega af þörf. Það er að segja við höfum ákveðna viðskiptavinum sem kalla eftir því að við fylgjum þeim eftir. Svo förum við á staðinn, fáum með okkur fólk og jafnt og þétt þróast það yfir í það að allt í einu er þetta bara orðið nokkuð stórt. Og það sem upphaflega var verið að gera er orðinn kannski lítill hluti og bara margir viðskiptavinir komnir inn í kerfið sem er í rauninni óháð því sem maður var upphaflega að gera sem var að fylgja eftir einhverjum viðskiptavinum. En þarna er skrifstofubyggingin sem við erum staðsett í í Hong Kong og reyndar erum við nú með mjög lítið svæði í þessari byggingu, eðli málsins samkvæmt. En það er auðvitað þannig ef þið hugsið út í það að þessi öld, 21. öldin, er auðvitað öld þessa svæðis þarna niður frá. Og án efa mun einhver bankastjóri vonandi í framtíðinni benda á að þetta hafi verið mjög skynsamlegt og þetta verði mjög stór hluti af bankanum til framtíðar.

En aftur af ársreikningnum því það var kannski það sem ég átti að tala um. Ég ákvað að sýna ykkur þetta svo þið fengjuð stóru myndina eða skynjið hvað í rauninni Landsbankinn er ofboðslega stórt fyrirtæki og hérna eru tölurnar. Ef við horfum á tölurnar; það er sýnt hérna yfir 5 ár, frá 2003 til 2007 þá eru tekjurnar á þessu tímabili frá 2003 að fara frá 19 milljörðum í 110 milljarða, kostnaðurinn fer frá 50, nei 10 í 57. Framlag í afskriftarreikninga fer þarna frá tæpum 5 í 7 og hagnaðurinn fer frá að vera 3,5 milljarðar ári og var þá reyndar mikil aukning frá árinu áður því þá held ég að það hafi verið einn og hálfur, ef ég man rétt, yfir í 45 fyrir skatta. Og skattgreiðslur til ríkisins hafa auðvitað vaxið jafnframt hröðum skrefum, jafnvel þó að menn hafi verið duglegir við að lækka skatta á tímabilinu í prósentuvís. Þá hafa skattgreiðslurnar aukist mikið eins og þið sjáið. Á síðastliðnu ári voru þær af stærðargráðunni 5,6 milljarðar. Þannig að rekstrarárangurinn er auðvitað búinn að vera mjög mikill undanfarin ár og í rauninni er það þannig að síðastliðið ár var auðvitað metár hvað hagnað varðar, 45,5 milljarðar fyrir skatta.

Á mynd má kannski horfa á þetta svona, þarna á vinstri hliðinni þá sjáið þið tekjurnar sem er það sem við höfum tilhneigingu til þess að kalla grunntekjur, það er að segja þóknunartekjur, og vaxtamunur sem er með minni sveiflur í sér heldur en það sem er þarna á hægri partinum sem er gengishagnaður af hlutabréfum, skuldabréfum og gjaldeyri sem auðvitað er eðli málsins samkvæmt sveiflukenndari þáttur. En þarna á vinstri hliðinni sjáum við hvernig þetta er búíð að vera að vaxa undanfarin ár, að grunntekjurnar fara þarna frá 15 milljörðum í 93 og reyndar þegar maður skoðar þetta út frá þessu sjónarhorni þá er það þannig að Ísland er undir helming, það er ekki nema 48%. Þó ég sýndi ykkur í upphafi 54% þá er hvað þetta varðar auðvitað kannski þær tekjur sem mesta máli skipti að þá er það 48% sem tengist Íslandi. Og reyndar það sem maður segir að tengist Íslandi er ekki endilega íslenskt heldur þýðir bara það að það tengist að minnsta kosti fyrirtækjum í eigu Íslendinga.

En þetta er heildarmyndin, vöxtur frá 15 upp 94 yfir þetta tímabil. Og við hliðina sjáið þið síðan hvernig gengishagnaður af gjaldeyri, skuldabréfum eða hlutabréfum þróast og öll undanfarin ár, fyrir utan síðastliðið ár, þá hefur það alltaf verið þannig að þetta eru hlutabréfin sem öllu máli hafa skipt en á síðastliðnu ári þá varð þar breyting á í fyrsta skipti. Á seinni helmingi ársins þá varð í fyrsta skipti, held ég, í langri sögu bankans umtalsvert tap á skuldabréfum

einfaldlega vegna þess að við áttum mjög mikið lausafé sem við höfðum lánað bönkum um allan heim og skuldatryggingarlög á þá alla hækkuðu mjög mikið og þá eðlilega þurfum við að endurverðleggja okkar skuldabréf á alla þessa banka og það gerist þarna. Nú þegar þetta byrjar að snúast til baka þá einfaldlega gengur þetta til baka því við seljum auðvitað ekki bréfin, við eigum þau bara. Þannig að þetta er í rauninni svona bókhaldslegt atriði.

En á móti þessu kemur að á síðastliðnu ári var líka önnur breyting á seinni hluta ársins. Í fyrsta skipti þá ákváðum við að krónan væri orðin nokkuð sterk og það væri nauðsynlegt að tryggja það að eigið fé bankans myndi sveiflast með krónunni ef hún myndi breytast eitthvað og byggðum okkur nokkuð stóra gjaldeyrisstöðu, svona í kringum 100 milljarða eða 112 eða 114 milljarða um síðastliðin áramót og þegar krónan veiktist á seinni hluta ársins þá skapaði það hagnað á síðasta ári sem svaraði til 6,6 milljarða þarna á seinni hluta ársins. Það hefur oft verið þannig að sumir hafa tilhneigingu til þess að segja að íslenskir bankar, og þar með talinn Landsbankinn, að mjög stór hluti af tekjum þeirra sé einhvern veginn sveiflukenndur eða eitthvað slíkt sem hefur þá vísað í það að við höfum haft gengishagnað og svo framvegis. En einfaldlega þegar maður sest niður og skoðar það, skoðar bara hreinar vaxtatekjur eða þjónustutekjur og deilir í heildartekjunum og skoðar síðastliðið ár, þá vorum við bara dæmigerður meðalbanki, það er að segja um 85% af tekjunum sneri af vaxtamun og þóknunartekjum og 15% af þessum öðrum þáttum.

Og það sem skiptir auðvitað miklu máli í heildarmyndinni, og sú vísa verður aldrei of oft kveðin, að allt þetta sem lagði grunninn að öllu þessu vandamáli í heiminum, ýmsar skammstafanir, CDO eða ABS eða CIF eða hvað við viljum allt kalla þetta. Við höfum aldrei keypt eitt einasta slíkt bréf og erum ekkert á leiðinni að gera það. Þannig að það eru mjög fáir bankar í heiminum ef bara nokkur af okkar stærðargráðu sem getur sýnt að hann hafi bara ekki komið nálægt neinu af þessu, bara alls ekki. Og það skiptir auðvitað gríðarlegu máli því að þetta er auðvitað rótin að öllum vandunum og við bara hreinlega höfum ekki verið í því. Hins vegar vorum við svo lánsamir og ólánsamir um leið að eiga mjög mikið lausafé og hafa lánað ýmsum bönkum og þurftum þar af leiðandi að endurverðleggja öll skuldabréfin. Og það er það sem er sýnt þarna efst að við endurverðlögðum og það munaði þessum milljörðum sem ég sagði ykkur frá áðan. En ég hef engar áhyggjur af því; það kemur til baka.

Í kostnaði síðan, ég sagði áðan að kostnaður hefði verið 57 milljarðar en það gerir um 52% af tekjunum og svona ef maður setur það í samhengi og ber það saman eins og sumir bankar þá sjáum við hvar við liggjum. Við erum svona rétt fyrir neðan meðaltal í svona dæmigerðum bönkum. Ef við skoðum arðsemina þá vorum við með 27% sem er með því allra besta sem þekkist í Evrópu á síðastliðnu ári. Ef við horfum yfir bara síðastliðin 5 ár þá held ég að það séu fáir eða enginn banki sem snýst okkur snúning enda í þessum samanburðarlista þarna þá komum við á toppinn og erum þó ekki að bera okkur saman við neina aukvisa eins og þið sjáið á listanum. Það er þannig að þegar maður er að skoða banka, ég veit ekki hvort þið sjáið þessa glæru nógu vel en þá hlustið þið þeim mun betur, að þegar maður er að skoða banka þá skiptir máli að velta fyrir sér þóknunartekjum og vaxtamun og rekstrarkostnaði svolítið á móti því og reyna að einangra svolítið þessar tekjur sem eru sveiflukenndari sem eru auðvitað hagnaður af hlutabréfum, skuldabréfum og gjaldeyri og í sérhverjum skýringum Landsbankans undanfarin ár þá höfum við alltaf reynt að sýna þetta vegna þess að það var farið að pirra okkur Halldór svolítið að við vorum alltaf að reyna að útskýra hvað það gengi vel og allir sögðu þetta er bara af því að það er svo mikill hlutabréfagróði. En það var auðvitað ástæðan fyrir því að við vorum alltaf með 50% arðsemi en ekki þessi undirliggjandi 20%, 24% segi ég, 24-26% eins og hefur verið undanfarin ár. Þá sjáið þið þarna í neðstu línunni þegar maður fjarlægir út, þetta sem kallað er grunnafkoma; þegar maður fjarlægir út áhrifin af stöðutökunni og reiknar þetta upp á nýtt og ímyndar sér að maður væri bara ekki í þeirri starfsemi, hvernig liti þetta þá út. Þá kemur neðsta línan sem þarna er sýnd á þessari glæru, að þá er undirliggjandi arðsemi bankans búin að vera undanfarin ár, 24-26 til 30% fyrir skatta sem er nú jafnframt með því allra hæsta sem menn þekkja.

En við látum þetta duga um reksturinn heldur kíkjum aðeins á eignir og skuldir og byrjum þá eigna megin. Þá er það auðvitað þannig að stærsti hluti í eignasafn bankans, 2/3 af öllu eignasafni bankans, eru auðvitað útlán eða um tvö þúsund milljarðar af þriggja milljarða eignasafni. Hinar eignirnar eru ýmis konar en að mörgu leyti má líta á stærstan hluta þeirra sem ýmis form af í rauninni lausu fé. Og þarna á þessari glæru þá sjáum við hvernig lánasafnið skiptist og jafnframt sjáið þið hvernig vanskil hafa þróast undanfarin ár. Ég held að það megi fullyrða að undanfarin ár þá hafi þau auðvitað verið í lágmarki og það má gera ráð fyrir því að þau heldur þokist upp á við sem er nú held ég

eiginlega óhjákvæmilegt miðað við þær aðstæður sem eru að umbreytast í heiminum hér sem erlendis. En þarna sjáið þið að við eigum eins og hefur komið fram áður rétt ríflega 1% á lager. Það er að segja við erum búin að leggja til hliðar í sjóði til þess að eiga, til þess að mæta mögnum árum í afskriftareikningi að það eru um 22 milljarðar eins og þarna kemur fram. Til samanburðar voru vanskil útlána til viðskiptavina miðað við núll daga um 10 milljarðar og 90 dagar um 5 milljarðar en við vorum að leggja 22 til hliðar. Eignirnar okkar, það er að segja hlutabréf sem hafa skilað okkur miklum árangri undanfarin ár, við tókum þá ákvörðun í eitt skipti fyrir öll í rauninni, ja kannski ekki í eitt skipti fyrir öll, en tókum svona strategíska ákvörðun alla vega til næstu ára að minnka okkar hlutabréfastöður sem vanalega höfðu verið í kringum 4-5% af heildareignum bankans í að vera að minnsta kosti undir 3% og þær hafa legið þarna í kringum rétt ríflega 2% undanfarin ár. En engu að síður hafa verið að skila mjög miklum árangri. Þannig að á síðasta ári þá áttum við að meðaltali um 70 milljarða í hlutabréfum en það skilaði um 26% arðsemi á það safn meðan að nánast allir hlutabréfamarkaðir fyrir utan þann þýska og norska voru með litla eða enga arðsemi. Á þessari glæru sjáið þið einnig hvernig við skiptum þessu á milli innlendra hlutabréfa, skráðra og óskráðra og erlendra, skráðra og óskráðra. Og þróunin undanfarin ár hefur verið sú að við höfum verið hlutfallslega meira í erlendum bréfum heldur en íslenskum þó að vissulega sé jú alltaf ákveðið magn í íslenskum hlutabréfum.

Nú hvað fjármögnunina varðar þá hefur það komið fram hér auðvitað áður að við erum svona að hálfu leyti fjármögnuð með innlánnum. Ef við horfum á innlán á móti útláni sem er oft annar mælikvarði þá er það nær því að vera í kringum 70% og áframhaldandi þróun verður auðvitað á þessu. Okkar markmið er að vera að minnsta kosti 2/3 stærðargráðan fjármagnað með innlánnum og við munum án efa byggja þetta upp á þessu ári og næsta ári víðtækara. Þó ég geti kannski ekki sagt frá ykkur því nákvæmlega hér á þessum fundi því að það verður tilkynnt þegar þar að kemur. Hvað eiginfjárhlutfall bankans varðar þá sjáið þið það hér að í samanburði við þessa banka sem við erum búnir að vera að bera saman í gegnum allt þetta show þá erum við hérna næstefstir og ég held að Danske Bank sé neðstur. En við erum með 10,1% og höfum legið á þessu bili. Árið 2005 og 2006 vorum við reyndar með óvenju sterkt eiginfjárhlutfall en það var í beinu framhaldi af því að þá vorum við nýbúnir að sameinast Burðarási og fá þannig mikið aukið hlutafé sem ekki var búið að nýta

á þeim tímapunkti. En í seinni tíð hafa auðvitað verið keypt inn fyrirtæki fyrir það og vaxið að hluta til.

Nú að lokum, hér sjáið þið þróun hlutabréfaverðsins. Verðið á hlutabréfum Landsbankans hefur þróast, eins og sést á þessari mynd. Gengið er þarna búið að vera í kringum, undanfarna daga á milli 30 og 31. En það svarar til þess að allur Landsbankinn kosti rétt rúmlega 340 milljarða. Eigið fé bankans er 180; á síðastliðnu ári var hagnaðurinn eftir skatta um 40 milljarðar. Það samsvarar til þess að síðastliðna 12 mánuði þá er hlutfallið milli verðmætis bankans og hagnaðar 8,5. Nú ef við setjum það í samhengi í samanburði við einhverja skandinavíska banka þá sjáið þið þarna hvar Landsbankinn lendir og það sem af er þessu ári eru viðskipti með Landsbankann búin að vera í kringum 100 milljarða í 5 þúsund viðskiptum. Meðan allt árið í fyrra voru viðskipti með Landsbankann um 360 milljarðar í 17 þúsund viðskiptum.

Nú að lokum þá er það auðvitað þannig að það skiptir ekki máli hvað var að gerast á síðastliðnu ári, það skiptir auðvitað miklu máli hvað er að gerast á þessu ári. Og þá vitið þið af því hvernig umhverfið er búið að þróast. Við vorum auðvitað búin að undirbúa okkur nokkuð vel fyrir það með því að byggja upp stóra gjaldeyrisstöðu. Og vera jafnframt langir í, eins og kallað er, í verðtryggingu. Það er að segja að eiga meira verðtryggðar eignir heldur en skuldir. Og byggja upp mjög mikla lausafjárstöðu til þess að geta haldið okkur frá fjármálamörkuðum nokkuð lengi. Og þetta er auðvitað allt að skila sér á þessu ári, jafnt og þétt og samhliða þessu þá er það auðvitað þannig að þegar aðstæður eru til vaxtar þá er áherslan öll sett á það að afla tekna. Þegar aðstæður til vaxtar eru erfiðari þá auðvitað færast áherslan á að viðhalda því sem menn hafa og halda í stærðina. En auðvitað eru meiri tækifæri í að horfa á kostnaðarhliðina og það er auðvitað það sem við erum að gera. Og jafnframt því held ég að mikilvægasta verkefni okkar á þessu ári sé að byggja upp innlánastarfsemi út um alla Evrópu og við erum búin að leggja grunn að því. Við vorum búnir að búa til kerfi á sínum tíma sem við gerðum 2006 til þess afla punda, núna erum við tilbúnir með, við eigum bara eftir að lounga því, að afla evra. Því það er auðvitað aðeins annað kerfi. Og svo eru fleiri myntir í Evrópu sem við munum án efa vinna með. Að þessu sögðu þá ætla ég bara að fá að þakka fyrir og þakka fyrir gott hljóð.

Kjartan Gunnarsson: Já, ég þakka Sigurjóni Árnasyni glögga greinargerð um fjárhagsstöðu bankans. Til fólksins sem að stendur hérna frammi við dyrnar; það eru sæti hérna innar í salnum, sem sagt hérna alveg næst sviðinu hérna á báða vegu og þeir sem eru á sviðinu eru ekkert hættulegir, bíta ekkert. Þannig að ef þið viljið fá ykkur sæti, endilega gjörið svo vel. Nú þá liggur fyrir fundinum að ræða skýrslu stjórnar og reikninga félagsins og jafnframt liggur fyrir fundinum tillaga um meðferð hagnaðar síðasta árs og ég ætla kannski að fara nokkrum orðum um hana til útskýringar. Þetta er nú ellefta starfsár Landsbankans sem hlutafélags og það hefur á hverju ári verið greiddur út arður í þessu hlutafélagi. Nú þekkjum við aðstæður í fjármálalífi og fjármálamörkuðum og það var eindregin niðurstaða bankaráðsins að leggja til við aðalfundinn að hagnaði ársins yrði varið til hækkunar á eigin fé félagsins. Það ber hins vegar ekki að líta á þetta sem stefnubreytingu, að minnsta kosti ekki af hálfu fráfarandi bankaráðs, sem ennþá er þeirrar skoðunar og mjög afdráttarlaust að greiða beri út góðan hagnað í fyrirtækinu á hverju ári og stefna mjög eindregið að því að svo geti verið um ókomin ár. En aðstæður geta krafist þess að menn taki aðrar ákvarðanir og þessi ákvörðun er að okkar dómi farsælasta ákvörðunin sem hægt er að taka í dag fyrir hluthafana bæði nú og til framtíðar. En orðið er laust. Já, bíddu nú við, Jóhann Páll Símonarson, gjörðu svo vel.

Jóhann Páll Símonarson: Fundarstjóri, formaður bankaráðs, bankaráðsmenn og aðrir hluthafar. Mig langar að gera smá athugasemd við arðinn. Mér finnst það ekki í lagi að fjárfestar, að það sé verið að gera að skilyrði, að þeir fá hlutabréf. Því ég hef heyrt það núna undanfarið að fólk vill fá peningana, arðinn greiddan. Og ég tel það ekki gott fyrir þennan góða banka að taka þessa ákvörðun og ég er ekki sammála þeim um það. Vegna þess að nú er framtíðin sú að menn eru að kaupa og selja og þeir vilja fá arð þó hann sé í hlutabréfum og ég skil það vel en það eru margir sem eru ekki sammála og ég vil líka taka það fram að hér var greinargóð skýring á reikningum félagsins og það er annað sem mig langaði líka að gera athugasemd við; það eru laun bankastjóra. Mér finnst þessi laun eiginlega komin úr öllu velsæmi þegar einn bankastjóri hefur 163,5 milljónir í laun og svo kemur okkar ágæti stjórnarformaður og hann hefur ekki nema 18 milljónir. Ég segi bara fyrir mitt leyti að ég tek undir hans orð, þetta er hógvær maður. Hann er ekki að sölsa undir sig fé; hann lítur greinargott á þjóðfélagið

hvernig það er skipað og ég vil hrósa þessum stjórnarformanni fyrir vel rekið fyrirtæki.

Kjartan Gunnarsson: Við þökkum Jóhanni fyrir hans innlegg. Fleiri? Ég reyndi nú að gera nokkra grein fyrir tillögunni um arðgreiðsluna en það eru tillögur til meðferðar síðar á fundinum sem snerta náttúrulega alls ekki arðgreiðslurnar með neinum hætti en snerta þó hagsmuni hluthafa með ýmsum hætti sem við komum að hér síðar. En ef það eru engir sem vilja taka til máls frekar um skýrslu stjórnar eða reikninga að þá vil ég bera upp tillöguna um meðferð hagnaðarins, að hagnaði síðasta árs, rétt tæpum 40 milljörðum eða 39,949 milljónum verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé bankans. Þeir sem samþykkja þessa tillögu eru beðnir um að gefa merki. Einhver á móti? Hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Ég vil þá bera upp reikning bankans fyrir liðið starfsár, reikningurinn hefur bæði verið kynntur hér á fundinum og hann hefur náttúrulega legið fyrir skriflega til, aðgengilegur fyrir hluthafa nú um nokkurt skeið. Þeir sem samþykkja hann eru beðnir um að gefa merki. Einhver á móti? Hann er samþykktur samhljóða líka. Ég vil þá færa bæði formanni bankaráðs og bankastjórum þakkir fyrir þeirra greinargerðir hér á undan.

Nú liggur fyrir fundinum töluvert tillöguflóð. Það eru samtals 10 tillögur sem liggja fyrir fundinum til afgreiðslu. Þær eru svona misflóknar, skulum við segja, en ég ætla að leita eftir því við fundinn, kanna hvort menn gera athugasemdir við það, svona til þess að nú að skýra og einfalda fundarstörfin að ekki þurfi að lesa orðrétt upp allar tillögur því að þær eru sumar mjög langar. Þær eru sumar margar blaðsíður en hvort fundarmenn sætti sig við að ég geri grein fyrir hverri tillögu fyrir sig í stuttu máli og geti þá svarað fyrirspurnum ef þær eru eða menn komið í pontu og rætt tillögurnar sjálfar. En tillögurnar þessar hafa líka allar legið fyrir í rúma viku bæði í bankanum, á netsíðu hans og skriflega í höfuðstöðvunum. Gera fundarmenn athugasemd við þessa tilhögun á fundarstörfunum? Enginn hreyfir andmælum við þetta og mun ég þá halda mig við þessa afgreiðsluaðferð.

Fyrsta tillagan sem að liggur fyrir fundinum er ákvörðun um lækkun hlutafjár með niðurfellingu eigin bréfa Landsbankans. Bankinn leggur til að hlutaféð verði lækkað um 300 milljónir króna að nafnverði þannig að eigin bréf

Landsbankans, það er að segja bréf sem bankinn á, verði felld niður að þessari fjárhæð og hlutafé bankans að lækkuninni lokinni verði 10 milljarðar 892 milljónir. Þetta er ráðstöfun sem er auðvitað í þágu fyrirtækisins og hluthafanna þar með en eins og flest sem lækkar hefur það tilhneigingu til þess að rísa aftur og það er jafnhliða gerð tillaga um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa sem náttúrliga nýtast hluthöfunum án þess að breyta eignarhlutföllum þeirra í fyrirtækinu en skapar þeim með sínum hætti aukin verðmæti. Nú fyrri tillagan, ákvörðun um lækkun hlutafjár liggur fyrir og ég vil bera hana upp ef enginn kveður sér hljóðs til þess að ræða hana eða spyrjast fyrir um hana. Svo er ekki. Ég vil þá biðja þá sem samþykkja hana að gefa merki. Einhver á móti? Hún er samþykkt samhljóða.

Þá liggur fyrir tillaga um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa að nafnvirði 300 milljónir króna og verður þá heildarhlutafé bankans, ef sú tillaga verður samþykkt, 11 milljarðar 192 milljónir og jöfnunarhlutirnir verða gefnir út til þeirra sem skráðir verða í hluthafaskrá eftir uppgjör viðskipta sem farið hafa fram í síðasta lagi fyrir klukkan 16 í dag hefur verið gert. Útgáfa jöfnunarhlutabréfanna myndar, eins og ég sagði áðan, ekki neina breytingu á eignarhlutdeild einstakra hluthafa en breytir nafnvirði hluta þeirra. Það hefur verið fjallað sérstaklega um það og ríkisskattstjórinn hefur gefið út um það bréf að hækkun hlutafjárins með þessum hætti, með útgáfu jöfnunarhluta, leiði ekki til skattskyldu fyrir hluthafana. Það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir hluthafana að þetta sé staðfest og liggi fyrir. Er einhver sem vill taka til máls um þetta atriði eða spyrjast fyrir um það? Svo er ekki og þá vil ég biðja þá sem samþykkja tillöguna um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa um 300 milljónir að gefa merki. Einhver á móti? Svo er ekki og tillagan er þá samþykkt samhljóða.

Samkvæmt starfsreglum Landsbankans, samþykktum Landsbankans, ber að gera tillögu um bankaráð með 5 daga fyrirvara fyrir aðalfund hverju sinni. Aðeins bárust tillögur um jafnmarga bankaráðsmenn og varamenn eins og kjósa á og þeir eru því sjálfkjörnir í bankaráð Landsbankans fyrir næsta starfsár, Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður, Andri Sveinsson, viðskiptafræðingur, Kjartan Gunnarsson, lögfræðingur, Svafa Grönfeldt, rektor og Þorgeir Baldursson, forstjóri. Varamenn fyrir þessa aðila í sömu röð eru sjálfkjörnir Sigbór Sigmarsson, verkfræðingur, Helga Theódórsdóttir,

viðskiptafræðingur, Gunnar Felixson, framkvæmdastjóri, Helga Jónsdóttir, bankafulltrúi og Þorsteinn Sveinsson, skógarbóndi. Það gerir væntanlega enginn athugasemd við þetta kjör og ég lýsi okkur þá réttkjörið bankaráð og varamennina réttkjörna varamenn. Þetta var huggulegt.

Næst er á dagskrá kosning endurskoðenda og það lagt til að endurskoðunarfyrtækið Price WaterhouseCoopers hf. sem eru endurskoðendur félagsins verði endurkjörnir fyrir næsta starfsár. Eru aðrar tillögur? Svo er ekki. Þeir sem samþykkja að þeir verði endurskoðendur. Takk. Einhver á móti? Það er enginn á móti. Við þökkum þeim fyrir ágætt samstarf og hlökkum til samstarfsins á næsta ári.

Hefðbundin tillaga liggur hér fyrir um að heimila bankanum að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin hlutabréfum og að þessi heimild verði nýtt innan 18 mánaða frá samþykkt aðalfundar. Síðan er ítarleg útskýring á þessu. Þetta þekkja menn nú, þessar tillögur, þeir sem samþykkja hana eða er einhver sem vill taka til máls um hana, fyrirgefiði. Svo virðist ekki vera, þeir sem samþykkja hana gefi þá merki. Takk. Einhver á móti? Nei, enginn á móti, hún er samþykkt samhljóða.

Þá eru nokkrar tillögur varðandi breytingar á samþykktum bankans. Þetta eru nú eiginlega fyrst og fremst tillögur sem snerta, eru nú svona tæknilegs eðlis og sumar eru bara til þess að skýra betur orðalag, til þess að það sé í fullkomnu samræmi bæði við hlutafélagalög og lög um fjármálafyrirtæki. Fyrsta breytingin varðar arðgreiðslu og á við annan málslið 4. málsgreinar 7. greinar samþykktu bankans og breytingin hljóðar sem sagt svo. Arður skal greiddur þeim sem skráðir verði í hlutaskrá eftir að uppgjör viðskipta, sem eiga sér stað fyrir lok aðalfundardags, hefur farið fram. Þetta sem sagt þýðir á mannamáli það að þeir sem að áttu viðskipti hugsanlega klukkan 15:58 í dag, það náttúrulega næst ekki að ganga fullkomlega frá öllum skráningum á þeim viðskiptum og þess vegna gera reglur Kauphallarinnar ráð fyrir því að 3 dagar geti liðið þangað til búið er endanlega að ganga frá þessum viðskiptum. Þannig að hluthafaskráin, sem væri lögð til grundvallar þessum fundi hér ef arður hefði verið greiddur út en núna til dæmis til grundvallar því sem jöfnunarhlutabréfin verða gefin út eftir, liggur fyrir á miðvikudagsmorgun. Þetta kalla þeir í bankanum sérfræðingarnir TR-3, ég skil nú ekki af hverju er ekki bara hægt að tala um þriggja daga frest. Nú einhver sem vill tala um þessa tillögu? Svo er ekki. Þeir sem samþykkja hana

gjöri svo vel og gefi merki. Þeir sem á móti kunna að vera? Það er enginn. Hún er samþykkt samhljóða.

Þá liggur fyrir fundinum tillaga sem einnig er hefðbundin um heimild til aukningar hlutafjár og það er gert ráð fyrir því að bankaráði verði heimilt að auka hlutafé félagsins í áföngum um allt að 1.200 milljónir króna að nafnvirði og að hluthafar falli frá forkaupsrétti sínum af þessum hlutum í samræmi við 34. grein laga 2, 1995 um hlutafélög. Nú þetta þekkja menn. Þetta er auðvitað þessi heimild er höfð til þess að gefa fyrirtækinu kost á því að nota hlutabréf sín sem gjaldmiðil í viðskiptum til dæmis kaupum á öðrum fyrirtækjum eins og gert hefur verið á síðustu árum. Vill einhver tjá sig um þessa tillögu? Svo virðist ekki vera. Þrátt fyrir það hversu skemmtileg hún er nú. Þeir sem vilja samþykkja hana, gjöri svo vel og gefi merki. Einhver á móti? Svo er ekki. Hún er samþykkt samhljóða.

Þá er hér tillaga um samþykktir félagsins og nýmæli, getum við sagt, í samþykktunum sem er rétt að gera aðeins grein fyrir. Það er gert ráð fyrir því að bankaráðinu verði heimilt að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki 60 milljarðar króna sem hafa að geyma skilmála um að heimilt eða skylt sé að breyta slíkum skuldabréfum í hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. Bankaráði er jafnframt heimilað að auka hlutafé félagsins um allt að 1.500 milljónir króna að nafnverði til þess að mæta skuldbindingum félagsins samkvæmt hinum breytanlegu skuldabréfum. Lagt er til að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum að hinum nýju hluta samkvæmt 34. grein laga 2, 1995 um hlutafélög. Það er gert ráð fyrir því að sjálfsögðu að þessi hlutabréf eða hugsanlegu hlutabréf sem eru skuldabréf með slíkum breytirétti njóti allra sömu réttinda og önnur hlutabréf í félaginu. Þetta séu bara vanaleg hlutabréf sem verði raunverulega til með þessum hætti. Það má segja að þetta sé ákveðin varúðarráðstöfun af hálfu bankans að afla sér heimildar af þessu tagi sem ekki hefur verið í samþykktunum til þessa. Við skulum ekkert gera ráð fyrir því að það reyni nokkurn tímann á þetta. Þetta þurfi að nota en allt er þetta gert til þess að tryggja hag hluthafanna og fyrirtækisins á þeim viðsjárverðu tímum sem við göngum í gegnum í fjármálamörkuðum heimsins í dag. Það er gert ráð fyrir því að þessi heimild gildi allt til 23. apríl árið 2013. En það er að sjálfsögðu hægt að fella hana niður á hluthafafundi hvenær sem er. Er einhver sem vill tjá sig um þessa tillögu eða spyrjast fyrir um hana frekar? Það er ljóst að hérna er um

nýmæli að ræða sem ekki hefur áður verið í okkar samþykktum en vonandi voru skýringar mínar nægilegar; að minnsta kosti kveður sér enginn hljóðs og biður um frekar skýringar. Þeir sem samþykkja þessa tillögu eru beðnir um að gefa merki. Einhver á móti? Svo er ekki og hún er samþykkt samhljóða.

Þá er gerð fjórða tillaga varðandi samþykktirnar sem lýtur að nýtingu rafrænna samskipta og rafpósts við sendingu tilkynninga til hluthafa. Nú mun það vera svo að nánast allir Íslendingar hafa aðgengi að lýðnetinu eða alnetinu og notfæra sér það óspart bæði til upplýsingaöflunar og sendinga á pósti og upplýsingum sín á milli og hér er sem sagt gert ráð fyrir því að bankinn hafi formlega heimild til þess að nýta sér það og að það sé jafn rétt og jafn löglega gert; slíkar tilkynningar með rafrænum hætti eins og áður hefur verið með skriflegum hætti. Nú við munum að sjálfsgöðu leggja okkur fram við það að þær tilkynningar verði allar nákvæmar og ítarlegar og snemma sendar út og jafnframt að veita mönnum nauðsynlegar leiðbeiningar til þess að nálgast þessar tilkynningar og upplýsingar og bankaráðið mun fylgjast mjög nákvæmlega með útfærslu á rafrænum samskiptum af þessu tagi. Því að satt að segja eru nú ekki allir, einkum undirritaður, neinir sérstakir sérfræðingar á þessu sviði og munu örugglega þurfa leiðbeiningar um það til að geta tekið við slíkum tilkynningum en ætla samt að reyna. Einhver sem vill tjá sig um þetta? Svo er ekki. Þeir sem samþykkja þessa tillögu gjöra svo vel og gefa merki. Einhver á móti? Það er enginn. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Nú þá er hér næst tillaga um starfskjarastefnu Landsbankans og samkvæmt samþykktum bankans ber að staðfesta á aðalfundi svokallaða starfskjarastefnu bankans sem er einkum fólgin í því að lýsa með nokkuð ítarlegum hætti með hvaða hætti er heimilt að greiða starfsmönnum bankans og bankaráði laun fyrir sín störf. Nú varðandi bankaráðið er þetta mjög einfalt; það er einungis heimilt að greiða því það sem aðalfundur félagsins hverju sinni ákveður en bankaráðið semur síðan um kjör og starfsgreiðslur við bankastjóra og þeir síðan við aðra starfsmenn bankans og ber að fara eftir þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið með starfskjarastefnunni. Nú, hún er orðrétt sú sama og var samþykkt á síðasta fundi og hefur legið frammi. Einhver sem vill taka til máls um hana? Svo er ekki. Þeir sem samþykkja að hafa hana óbreytta frá síðasta fundi gjöra svo vel að gefa merki. Einhver á móti? Svo er ekki. Hún er samþykkt samhljóða.

Landsbankinn hefur um alllangt árabíl starfrækt menningarsjóð innan sinna vébanda sem hefur það verkefni að úthluta styrkjum til margvíslegrar samfélagslegrar starfsemi, menningarstarfsemi og íþróttastarfsemi og fleiri þátta. Hlutafélagalög gera nú ráð fyrir því að framlög í slíka sjóði séu ákveðin á hluthafafundum og við viljum gera það að tillögu okkar að framlag í þennan menningarsjóð á starfsárinu 2008 verði 100 milljónir króna. Ég geri nú ráð fyrir því að heildargreiðslur Landsbankans til ýmissa slíkra verkefna á síðustu árum hafi numið mun hærri fjárhæðum. En hér er þetta sett í svona ákveðið fastara form án þess þó að við sjáum fram á að það sé ekki líka svigrúm fyrir bankann til þess að taka þátt í ýmiss konar öðru starfi. En þarna er þetta svolítið ákveðnara gert og samhliða því fylgja svo tillögur um nýjar starfsreglur fyrir menningarsjóðinn þar sem eru bæði settar skýrari og ákveðnari reglur um starfsemi hans og stjórn hans og hvernig hann úthlutar þessu fé. Þetta er auðvitað umtalsverð fjárhæð en það er nú reynt að úthluta þessu af mikilli sanngirni og á síðasta ári skiptu örugglega hundruðum, þeir aðilar sem nuta einhverra framlaga úr þessum sjóði. Einhver sem vill ræða þessa tillögu? Svo er ekki. Þeir sem eru tilbúnir til þess að samþykka þessa 100 milljón króna fjárveitingu. Einhver sem er á móti? Það er líka samþykkt samhljóða. Og þá er bara að byrja að undirbúa umsóknirnar.

Síðan fylgja hér með allitarlegar breytingar og í fylgiskjali með gögnum fundarins var tillaga að nýrri reglugerð fyrri menningarsjóðinn. Efni þessara breytinga er sem sagt að ákveða mjög, eða svona bæta úr því, gera reglurnar fyllri og nákvæmari um það hvaða atriði falla undir sjóðinn. Eins og alltaf er gert þegar þarf að gera svona upp á nýtt, þá er fjölgað í stjórninni úr 4 í 5; þetta gengur nú bara hægt og rólega; þetta er ágætt. Heimila stjórninni að skipa undirnefndir til að taka fyrir ákveðnar faggreinar í þessu. En sem sagt í heild er þetta auðvitað allt mjög einfalt og ég held nú miðað við mína reynslu af þessum störfum að þá sé þetta allt frekar til skýrleika fallið. Þannig að ég ætla að leyfa mér að bera upp þessa samþykkt sko um breytta skipulagsskrá fyrir menningarsjóð í heild ef enginn óskar eftir því að ég lesi hana alla upp eða greidd séu atkvæði um hverja einstaka grein. Það er enginn sem gerir það. Þeir sem samþykka tillöguna eru þá beðnir um að gefa merki. Einhver á móti? Það er ekki, þetta er samþykkt samhljóða.

Nú þá er að síðustu hér tillaga um þóknun til bankaráðs. Það er ekki gert ráð fyrir því að nein breyting sé gerð á þeirri þóknun frá fyrra ári og tillagan um hana hefur líka legið frammi. Og eins og kom fram hjá Jóhanni að þá er henni mjög í hóf stillt. Einhver sem vill ræða það? Svo er ekki. Þeir sem samþykkja tillögu um þóknun til bankaráðs eins og hún hefur verið kynnt fyrir fundinum. Einhver á móti? Svo er ekki og hún er samþykkt samhljóða. Nú þá liggja ekki fyrir fundinum frekari mál og þá verður fundargerð fundarins lesin upp. Ársæll, fundarritari.

Ársæll Hafsteinsson, fundarritari: Reyna að lesa þetta hratt eins og venjulega. Fundargerð aðalfundar Landsbanka Íslands hf. Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. var haldinn þann 23. apríl 2008 klukkan 16:00 á Grandhótel. Fundurinn hófst með því að Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Kjartan Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Kjartan tók við stjórn fundarins, lýsti löglega til hans boðað og fundinn löglegan að öðru leyti. Fundarstjóri lagði til því næst að Ársæll Hafsteinsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs bankans, yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri upplýsti að atkvæðamagn hluthafa og umboðsmanna þeirra sem mættu á fundinn, væri 5.804.372.534 sem svarar til 52% af heildarhlutafé bankans og mætt var fyrir 185 hluthafa. Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár. Fyrsti dagskrárliður var skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans og síðastliðið starfsár. Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, flutti skýrslu bankaráðs um starfsemi bankaráðs síðastliðið starfsár. Að skýrslu bankaráðs lokinni lagði fundarstjóri til að umræðu um skýrsluna, samþykkt ársreiknings og tillögu um meðferð hagnaðar yrði frestað og tekið saman eftir þriðja lið boðaðrar dagskrár. Var tillaga fundarstjóra samþykkt. Annar dagskrárliður, ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda var lögð fram til staðfestingar. Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri tók til máls, kom meðal annars inn á alvarlegar afleiðingar fjármálakreppu á 21. öldinni og áhrif alþjóðlegra lausafjárþrenginga á Íslandi, bandaríska undirmálsmarkaðnum, þróun skuldatryggingarálags bankanna. Einnig voru reifaðar helstu aðgerðir bankans á árunum 2006 til 2007 sem og aðgerðir til þess að sporna við núverandi stöðu. Að því loknu kom Halldór inn á fjölbreytni í starfsemi bankans, velgengni nýrrar innlánsvöru, Iceave og horfur í náinni framtíð. Þegar Halldór hafði lokið máli sínu tók Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri til máls og fór yfir helstu starfsemi

Landsbankans erlendis og fjallaði síðan um ársreikning bankans og gerði grein fyrir niðurstöðum ársins 2007.

Þriðji dagskrárliður, ákvörðun um meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári. Lögð var fyrir fundinn tillaga um að hagnaði ársins 2007, sem nam 39 milljónum, 39.949 milljónum, yrði ráðstafað til hækkunar á eigin fé Landsbankans og opnað var fyrir umræðu um skýrslu bankaráðs, ársreikning og tillögu um meðferð hagnaðar. Jóhann Páll Símonarson kvaddi sér hljóðs og gerði athugasemd við að arður væri ekki greiddur út til hluthafa. Var ársreikningurinn ásamt skýrslu endurskoðanda og tillaga um meðferð hagnaðar þá borinn upp til samþykktar og samþykkt samhljóða. Fjórði dagskrárliður, ákvörðun um lækkun hlutafjár með niðurfellingu eigin bréfa. Lögð var fyrir fundinn tillaga um lækkun hlutafjár um 300 milljónir að nafnvirði með niðurfellingu eigin hluta Landsbankans. Hlutfé bankans að lækkun lokinni verður 10.892.754.087 að nafnvirði. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fimmti dagskrárliður, ákvörðun um hækkun hlutafjár og útgáfu jöfnunarhluta. Lögð var fyrir fundinn tillaga um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta að nafnvirði 300 milljónir. Eftir útgáfu jöfnunarhlutanna mun hlutfé í bankanum nema 11.192.754.087 að nafnvirði. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Sjötti dagskrárliður; fyrir fundinn var lögð tillaga um að eftirtaldir einstaklingar yrðu kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans fram til aðalfundar 2009. Aðalmenn Björgólfur Guðmundsson, Andri Sveinsson, Kjartan Gunnarsson, Svafa Grönfeldt og Þorgeir Baldursson. Forfallist aðalmaður tekur varamaður sæti með þá röð sem tillagan greinir. Og varamenn fyrir Björgólf Guðmundsson og Andra Sveinsson, Sigbór Sigmarsson fyrsti varamaður og Helga Theodórdóttir annar varamaður. Fyrir Kjartan Gunnarsson, Svöfu Grönfeldt og Þorgeir Baldursson, Gunnar Felixson, framkvæmdastjóri, fyrsti varamaður, Helga Jónsdóttir, bankafulltrúi, annar varamaður, Þorsteinn Sveinsson, skógarbóndi, þriðji varamaður. Ekki bærust fleiri tillögur um skipan bankaráðs Landsbanka Íslands og var því sjálfkjörið í stjórn bankans. Sjöundi dagskrárliður, kosning endurskoðanda. Fyrir fundinn var lögð tillaga um að kjósa PricewaterhouseCoopers sem endurskoðanda félagsins fyrir fjárhagsárið 2008. Tillagan var samþykkt samhljóða. Áttundi dagskrárliður, tillaga um endurnýjun heimildar stjórnar til að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin bréfum. Fyrir fundinn var lögð tillaga um endurskoðun heimildar stjórnar til að

ákveða kaup á hlutum í félaginu eða taka slíka hluti að veði sem nema allt að 10% hlutafjár. Heimildin verði nýtt innan 18 mánaða frá samþykkt aðalfundar. Heimildin má vera allt að krónur 1.119 milljónir en nýti bankaráð heimild til hækkunar á hlutafé hækkar nafnvirðið samkvæmt þessari heimild um samsvarandi hlutfall. Kaupverðið skal vera á gengi sem sé ekki hærra en 10% hærra og ekki meira en 10% lægra en skráð gengi í Kauphöll hverju sinni. Bankastjórn er veitt umboð til að taka allar ákvarðanir um framkvæmd slíkra viðskipta. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Níundi dagskrárliður, tillaga um breytingu á samþykktum. Lögð var fram tillaga í fjórum liðum um breytingu á samþykktum bankans. Fyrsta tillaga: Lögð fram tillaga um orðalagsbreytingu á 2. málslíð 4. mgr. 7. gr. samþykktanna um að arður verði greiddur þeim sem skráðir verða í hlutafélagaskrá eftir að uppgjör viðskipta í lok aðalfundardags hefur farið fram. Önnur tillaga: Lögð var fram tillaga á 2. mgr. 4. gr. samþykta Landsbankans um heimild til hækkunar hlutafjár um allt að krónur 1.200 milljónir að nafnvirði með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum samkvæmt 34. gr. hlutafélagalaga. Heimild þessi gildir 23. apríl 2003. Þriðja tillaga: Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa. Lögð var fram tillaga um að bæta nýrri mgr. við 4. gr. samþykktanna sem verður 6. mgr. 4. gr. og veitir heimild til þess að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að upphæð krónur 60 milljarðar sem fela það í sér að lánveitendur eigi rétt til og stundum kunni það að vera skylt að breyta skuldum í hlutabréf í Landsbankanum. Jafnframt hafi verið veitt heimild til þess að auka hlutafé félagsins um allt að krónur 1.500.000.000 að nafnvirði til að mæta skuldbindingu félagsins. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta samkvæmt 34. gr. hlutafélagalaga. Heimild þessi gildir til 23. apríl 2013. Þá er það fjórða tillaga: Rafræn skjalaskipti og rafpóstur, skjalasamskipti og rafpóstur. Lögð fram tillaga um að taka upp nýja mgr. í 11. gr. samþykktanna sem verður 4. mgr. 11. gr. og veitir heimild til þess að taka upp rafræn skjalasamskipti og rafpóst í samskiptum Landsbankans við hluthafa. Nú ofangreindar tillögur allar voru um breytingar á samþykktunum og voru samþykktar samhljóða.

Þá er það það tíundi dagskrárliður, tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu Landsbanka Íslands hf. Fyrir fundinn var lögð tillaga um starfskjarastefnu Landsbankans til endurstaðfestingar og var hún óbreytt frá síðasta aðalfundi.

Var tillagan samþykkt samhljóða. Ellefti dagskrárliður, tillaga um framlag í menningarsjóð Landsbankans og breytta stofnskrá menningarsjóðs. Fyrir fundinn var lögð tvíþætt tillaga um menningarsjóð Landsbankans. Annars vegar um 100 milljón króna framlag menningarsjóðs bankans fyrir árið 2008 og hins vegar tillaga um breytta skipulagsskrá menningarsjóðs. Í fylgiskjali með tillögunum fyrir aðalfund hafa verið færðar inn þær breytingar á skipulagsskránni sem tillagan var gerð um og var tillagan samþykkt samhljóða. Nú tólfti dagskrárliður, ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil. Fyrir fundinn var lögð tillaga um þóknun til bankaráðsmanna fyrir aðalfund, frá aðalfundi 2008 til aðalfundar 2009. Þóknun hvers bankaráðsmanns fyrir tímabilið frá aðalfundi 2008 til 2009 skal vera 350 þúsund á mánuði greitt í samráði við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal vera þreföld hærrí en þóknun bankaráðsmanns og þóknun varaformanns skal vera tvöfalt hærrí en þóknun bankaráðsmanns. Þóknun til varamanns skal vera 100 þúsund fyrir hvern setinn fund, þar að auki verða þeir bankaráðsmenn að sitja í endurskoðunarnefnd og kjaranefnd bankaráðs greiddar 150 þúsund á mánuði fyrir setu í hverri nefnd en þóknun formanns hvernar nefndar verði þreföld sú fjárhæð. Og var tillagan samþykkt samhljóða. Fleira var ekki rætt á fundinn. Skal tekið fram að skýrsla formanns, samkvæmt fyrsta dagskrárlið og glærुकyningar ítarlegar, samkvæmt öðrum dagskrárlið, verða í heild sinni fylgiefni með fundargerð þessari sem mun liggja frammi hluthöfum til sýnis í síðasta lagi 14 dögum eftir aðalfund. ... Takk.

Kjartan Gunnarsson: Ég þakka fundarritaranum fyrir örugga og góða ritun fundargerðar og hann verður liðsstjóri liðs Landsbankans í hraðlestrarkeppninni sem fram fer á degi íslenskrar tungu. En það er nú komið að lokum þessa aðalfundar sem er haldinn á tímum sem eru mjög víðsjárverðir og erfiðir í fjármálalífi og vandasöm vegferð sem bankar eiga fyrir höndum. Mér finnst það mikils virði og vil ég láta það koma fram hér og þakka fyrir það að Landsbankinn njóti á þeim tíma stjórnarforystu Björgólfs Guðmundssonar sem ekki eingöngu er þaulreyndur í viðskiptum bæði hér á landi og annars staðar, heldur hefur til að bera djúpt innsæi og mikla mannþekkingu og mikla og djúpa persónulega reynslu. Við höfum fundið það síðustu mánuði að þetta nýtist okkur sem vinnum með honum í bankanum, öllum starfsmönnum bankans og öllum þeim sem þurfa að eiga samskipti við bankann mjög vel. Ég held að menn vanmeti stundum þá þætti við svona aðstæður. En það ber ekki að gera það. Því að

einmitt á þessum tímum skiptir það miklu máli að búa yfir hugarró og rósemi sem aðeins fæst með mikilli reynslu og djúpri lífsreynslu. Þannig að ég vil þakka okkar ágæta og farsæla formanni fyrir leiðsögn hans á þessum tímum eins og endranær og ég er viss um að hann mun ásamt öfluggu starfsfólki bankans og traustum bankastjórum leiða bankann farsællega í gegnum þennan brimgarð sem við erum nú í miðjum. Þakka ykkur fyrir. Aðalfundinum er slitið.

Þessu næst voru teknar fyrir tillögur frá hluthöfum, sem voru allar samþykktar.

[Dagskrá og tillögur aðalfundar](#)